

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjanes föstudaginn 2. júní 2017 í máli nr. S-526/2015:

Ákærvaldið

(*Finnur Þór Vilhjálmsson saksóknari*)

gegn

Einari Ágústssyni

(*Gunnar Egill Egilsson hdl.*)

og

Þrotabúi SKAJAQUODA ehf.

(*Ágúst Ólafsson hdl.*)

Mál þetta, sem tekið var til dóms 7. apríl sl., höfðaði sérstakur saksóknari, nú héraðssaksóknari, með ákæru 23. desember 2015 á hendur ákærða, Einari Ágústssyni, kt. [...], [...], [...], og SKAJAQUODA ehf., kt. [...], [...], [...], nú þrotabúi, sbr. úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur 27. janúar 2016 í máli nr. G-815/2015;

„fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum og lögum um gjaldeyrismál og til upptöku samkvæmt VII. kafla A. almennra hegningarlaga:

I

Á hendur ákærða Einari aðallega fyrir fjársvik en til vara fyrir fjárdrátt.

Aðallega fyrir fjársvik með því að hafa frá og með vori 2010 og áfram á árunum 2011 og 2012 vakið og styrkt þá röngu hugmynd hjá A, kt. [...] og B, kt. [...], eigendum ÞA eigna sf., kt. [...], og C, kt. [...], eiginkonu B, (hér eftir í þessum kafla ákæru sameiginlega nefnd brotabolar) að ákærði starfrækti fjárfestingasjóð í Bandaríkjunum undir heitinu Skajaquoda Fund eða sambærilegu heiti. Það varð til þess að brotabolar greiddu á árunum 2010 og 2011 til ákærða og meðákærða félagsins Skajaquoda ehf., sem ákærði stýrði, samtals 30.000.000 krónur í þeirri trú að þeir fjármunir rynnu til fjárfestinga í slíkum sjóði. Fénu ráðstafaði ákærði hins vegar í eigin þágu eða annars með þeim hætti að ekki tengdist eða gat samrýmst ætluðum fjárfestingum brotabola. Brotabolar hafa ekkert endurheimt af fé sínu. Hafði ákærði þannig fé af brotabolum með blekkingum.

Greiðslur brotabola til ákærða og félags hans voru nánar tiltekið þessar þrjár:

- A) Sú fyrsta, 14. maí 2010, átti sér stað með millifærslu að fjárhæð 5.000.000 krónur af bankareikningi ÞA eigna sf. nr. [...] hjá Arion banka hf. inn á bankareikning Skajaquoda ehf. nr. [...] hjá Íslandsbanka hf.
- B) Önnur greiðslan fór fram í október 2010 eða seint á því ári er ákærða voru afhentar 10.000.00 krónur í reiðufé af eignum ÞA eigna sf.

- C) Þriðja greiðslan fór fram 20. september 2011 þegar ákærða voru afhentar 15.000.000 krónur í reiðufé af eignum brotapolanna B og C gegn áritun ákærða um viðtöku greiðslunnar.

Blekkingar ákærða gagnvart brotapolum áttu sér stað í aðdraganda fyrstu greiðslu þeirra og fram að hinni síðustu svo og eftir það tímamark. Blekkingarnar fólust frá upphafi einkum í því að halda að brotapolum röngum upplýsingum um sjálfa tilvist fjárfestingasjóðsins Skajaquoda Fund, sem aldrei var starfræktur í neinni eiginlegri mynd, þar á meðal um eðli fjárfestinga slíks sjóðs, hagnaðarvon og önnur nánari atriði varðandi starfsemi slíks sjóðs sem öll voru eðli máls samkvæmt tilbúningur ákærða þar sem sjóðurinn hafði aldrei verið stofnaður og því síður starfræktur. Liður í þessum blekkingum var meðal annars að ákærði sendi brotapolum reglulega upplýsingar um góða ávöxtun fjármuna í sjóðnum en skrifleg yfirlit þess efnis fyrir einstaka mánuði sendi ákærði brotapolum reglulega frá júlí 2010 til og með júlí 2012, annað hvort almennt fyrir sjóðinn eða sérstaklega fyrir eign brotapola í sjóðnum. Einnig sendi ákærði brotapolum að minnsta kosti tvívegis „fréttabréf“ stíluð á „sjóðsfélaga“, annars vegar í ágúst og hins vegar desember 2012, þar sem meðal annars var fjallað um sjóðinn og starfsemi og að endingu slit hans. Allar slíkar upplýsingar ákærða, sem og önnur margháttuð upplýsingagjöf hans til brotapola um þessi efni, voru á sama hátt og áður tilbúningur hans og til þess ætlaðar að styrkja og viðhalda villu brotapola um tilvist og starfsemi hins meinta fjárfestingasjóðs og afdrif fjármuna þeirra.

Tilraunir brotapola til að endurheimta fjármuni sína hafa reynst árangurslausar og má telja þá glataða þeim.

Til vara er ákærða gefinn að sök fjárdráttur á árunum 2010 og 2011 með því að hafa með framangreindri háttsemi sinni dregið sér eða bandarískum félögum sínum, Skajaquoda Capital LLC eða Skajaquoda Group Inc., 30.000.000 krónur sem hann tók við frá brotapolum og hafði í vörslum sínum á þeim forsendum að þeim fjármunum yrði ráðstafað til fjárfestinga brotapola í fyrrnefndum fjárfestingasjóði á vegum ákærða eða fyrrnefndra félaga hans. Þess í stað ráðstafaði ákærði fjármunum brotapola með öðrum og óskyldum hætti, eins og nánar er lýst hér framar. Þær ólögmætu ráðstafanir ákærða fólu í sér tileinkun hans eða fyrrgreindra erlendra félaga hans á fjármunum brotapola.

II

Á hendur ákærða Einari aðallega fyrir fjársvik en til vara fyrir fjárdrátt.

Aðallega fyrir fjársvik með því að hafa frá áliðnu ári 2009 og fram á árið 2013 vakið og styrkt þá röngu hugmynd hjá D, kt. [...], (hér eftir í þessum kafla ákæru efnindur brotapolu) að ákærði starfrækti fjárfestingasjóð í Bandaríkjunum undir heitinu Skajaquoda Fund eða sambærilegu heiti. Það varð til þess að brotapoli

lét 26. nóvember 2012 símgreiða 272.000 evrur, þá jafnvirði 44.336.000 íslenskra króna, af bankareikningi sínum hjá AS Rietumu Banka í Lettlandi með IBAN númeri [...] inn á bankareikning bandarísks félags ákærða, Skajaquoda Capital LLC, nr. [...] hjá bandaríska fjármálafyrirtækinu EverBank World Markets í þeirri trú að þeir fjármunir rynnu til fjárfestinga í slíkum sjóði. Fénu ráðstafaði ákærði hins vegar í eigin þágu eða annars með þeim hætti að ekki tengdist eða gat samrýmst ætlaðri fjárfestingu brotaþola. Brotaþoli hefur ekkert endurheimt af fé sínu. Hafði ákærði þannig fé af brotaþola með blekkingum.

Blekkingar ákærða gagnvart brotaþola áttu sér stað á árunum fyrir greiðslu brotaþola, í aðdraganda greiðslunnar og einnig eftir hana. Blekkingarnar fólust einkum í því að halda frá upphafi að brotaþola röngum upplýsingum um sjálfa tilvist fjárfestingasjóðsins Skajaquoda Fund, sem aldrei var starfræktur í neinni eiginlegri mynd, þar á meðal um eðli fjárfestinga slíks sjóðs, hagnaðarvon, ávöxtun á fyrri tímabilum og önnur nánari atriði varðandi starfsemi slíks sjóðs sem öll voru eðli máls samkvæmt tilbúningur ákærða þar sem sjóðurinn hafði aldrei verið stofnaður og því síður starfræktur. Eftir að greiðsla brotaþola barst félagi ákærða hélt ákærði áfram að veita brotaþola upplýsingar um sjóðinn og fjárfestingu brotaþola. Allar slíkar upplýsingar ákærða voru á sama hátt og áður tilbúningur hans og til þess ætlaðar að styrkja og viðhalda villu brotaþola um tilvist og starfsemi hins meinta fjárfestingasjóðs og afdrif fjármuna hans.

Tilraunir brotaþola til að endurheimta fjármuni sína hafa reynst árangurslausar og má telja þá glataða honum.

Til vara er ákærða gefinn að sök fjárdráttur með því að hafa síðla árs 2012 með framangreindri háttsemi dregið sér eða bandarískum félögum sínum, Skajaquoda Capital LLC eða Skajaquoda Group Inc., 272.000 evrur, þá jafnvirði 44.360.000 íslenskra króna, sem hann tók við frá brotaþola og hafði í vörslum sínum á þeim forsendum að þeim fjármunum yrði ráðstafað til fjárfestingar brotaþola í fyrrnefndum fjárfestingasjóði á vegum ákærða eða fyrrnefndra félaga hans. Þess í stað ráðstafaði ákærði fjármunum brotaþola með öðrum og óskyldum hætti, eins og nánar er lýst hér framar. Þær ólögmætu ráðstafanir ákærða fólu í sér tileinkun hans eða fyrrgreindra erlendra félaga hans á fjármunum brotaþola.

III

Á hendur ákærða Einari fyrir meiri háttar brot gegn lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með því að hafa á tímabilinu 18. október 2011 til 1. júlí 2013 í 18 tilvikum sent með símgreiðslum til útlanda erlendan gjaldeyri að jafnvirði samtals 220.004.105 íslenskar krónur, nánar tiltekið samtals 1.000 bresk pund í einu tilviki, samtals 1.270.660 evrur í níu tilvikum og samtals 122.667 bandaríkjadali í sjö tilvikum, án þess að um hafi verið að ræða greiðslur vegna kaupa á vöru eða

þjónustu eða annars heimilar fjármagnshreyfingar samkvæmt 2. mgr. 13. gr. b. laga um gjaldeyrismál og þannig staðið að ólögætum fjármagnshreyfingum í hverju tilviki og með því að hafa í öllum sömu tilvikum keypt viðkomandi erlendan gjaldeyri hverju sinni fyrir íslenskar krónur, samtals að framangreindri fjárhæð, af Íslandsbanka hf., kt. [...], án þess að féð væri til notkunar í vöru- eða þjónustuviðskiptum eða annars í heimilum gjaldeyrisviðskiptum samkvæmt 2. mgr. 13. gr. c. laga um gjaldeyrismál og þannig einnig átt ólögæt gjaldeyrisviðskipti í hverju tilviki.

Brotin framdi ákærði annars vegar með ráðstöfun fjármuna af bankareikningi félagsins AGSN ehf. (nú TIR ehf.), kt. [...], nr. [...] hjá Íslandsbanka hf. en ákærði var eini stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi þess félags til 24. maí 2013, og hins vegar með ráðstöfun fjármuna af bankareikningi meðákærða félagsins Skajaquoda ehf. nr. [...] hjá Íslandsbanka hf., nema í einu tilviki (1. júlí 2013) af ankareikningi sama félags nr. [...] hjá sama banka, en ákærði var einnig eini stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi þess félags. Símgreiðslur ákærða runnu í öllum tilvikum inn á erlenda bankareikninga ákærða sjálfs eða erlenda bankareikninga bandarísku félaganna Skajaquoda Group Inc., Skajaquoda Capital LLC og Likenia Inc. sem öll lutu stjórn ákærða og voru beint eða óbeint í eigu hans.

Einstök tilvik ólögættra fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipta ákærða voru nánar tiltekið þessi:

	Dags.	Greiðandi	Viðtakandi	Mynt	Upphæð	Upph. ISK
1	18.10.2011	Skajaquoda ehf.	Einar Ágústsson	GBP	1.100	200.200
2	3.11.2011	Skajaquoda ehf.	Einar Ágústsson	EUR	35.258,48	5.599.399
3	29.3.2012	Skajaquoda ehf.	Einar Ágústsson	EUR	342,69	58.000
4	4.9.2012	Skajaquoda ehf.	Einar Ágústsson	EUR	106,58	16.500
5	27.11.2012	AGSN ehf.	Skajaquoda Group Inc.	USD	12.000	1.519.080
6	29.11.2012	AGSN ehf.	Skajaquoda Capital LLC	EUR	22.904,45	3.749.650
7	17.1.2013	AGSN ehf.	Skajaquoda Group Inc.	USD	1067,04	138.000
8	23.1.2013	AGSN ehf.	Skajaquoda Capital LLC	EUR	203.110	34.993.822

9	24.1.2013	AGSN ehf.	Skajaquoda Capital LLC	EUR	137.187,97	23.701.966
10	24.1.2013	AGSN ehf.	Skajaquoda Capital LLC	USD	10.280	1.330.232
11	12.2.2013	AGSN ehf.	Likenia Inc.	USD	17.125,95	2.200.000
12	10.4.2013	Skajaquoda ehf.	Skajaquoda Capital LLC	EUR	402.949,66	62.840.000
13	19.4.2013	Skajaquoda ehf.	Skajaquoda Capital LLC	USD	14.962,38	1.750.000
14	19.4.2013	Skajaquoda ehf.	Skajaquoda Capital LLC	EUR	438.800	67.219.772
15	10.5.2013	AGSN ehf.	Likenia Inc.	USD	70.936,74	8.489.900
16	22.5.2013	AGSN ehf.	Skajaquoda Group Inc.	USD	3.246,23	400.000
17	29.5.2013	Skajaquoda ehf.	Skajaquoda Capital LLC	EUR	30.000	4.804.800
18	1.7.2013	Skajaquoda ehf.	Skajaquoda Group Inc.	USD	8.011	993.684

IV

Á hendur ákærða Einari fyrir skjalafals með því að hafa 29. maí 2013 notað falsað skjal í lögskiptum þegar hann blekkti starfsmenn Íslandsbanka hf. til að heimila sér að skipta 4.804.800 krónum af innstæðu á bankareikningi hins meðákærða félags ákærða Skajaquoda ehf. nr. [...] hjá bankanum í 30.000 evrur og senda þá fjárhæð með símgreiðslu til Bandaríkjanna inn á bankareikning þarlands félags ákærða Skajaquoda Capital LLC eins og tilgreint er í 17. tölulið í töflu í III. kafla ákæru. Hið falsaða skjal var afrit reiknings sem bar með sér að vera gefinn út af Skajaquoda Capital LLC til Skajaquoda ehf., dagsettur 1. maí 2013 og að fjárhæð 30.000 evrur, með lýsingunni „SXW3554 Service Access for February to April“. Ákærði hafði daginn áður, 28 maí 2013, reynt að framkvæma símgreiðslu sömu fjárhæðar milli sömu félaga sinna, og þar með tilsvarendi gjaldeyrisviðskipti, gegnum netbanka Skajaquoda ehf. Af hálfu bankans var sú símgreiðsla, og tilsvarendi gjaldeyrisviðskipti, felld niður og óskað eftir gögnum frá ákærða sem gætu sýnt fram á að hún væri vegna vöru- eða þjónustuviðskipta og samrýmdist þannig lögum um gjaldeyrismál. Ákærði sendi þá 29. maí 2013 starfsmanni útibús bankans afrit fyrrnefnds reiknings með tölvupósti, sem varð til þess að bankinn framkvæmdi símgreiðsluna og tilsvarendi gjaldeyrisviðskipti þann dag. Ákærði falsaði reikninginn frá grunni þar sem félög ákærða áttu aldrei þau viðskipti sem reikningurinn vísaði til.

V

Á hendur ákærða Skajaquoda ehf., kt. [...], þar sem ákærði var eini stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi á því tímabili sem ákæra tekur til, til þess að sæta upptöku á 67.536.227 krónum sem embætti sérstaks saksóknara lagði hald á 10. júlí 2013 á bankareikningi félagsins hjá Íslandsbanka hf. nr. [...]. Við haldlagninguna var fjárhæðin millifærð yfir á bankareikning embættis sérstaks saksóknara nr. [...] hjá sama banka og hefur síðan staðið þar. Þess er krafist að upptakan nái einnig til áfallinna vaxta á fjárhæðina frá fyrrgreindum degi.

Upptökukrafan er reist á ákvæðum VII. kafla A. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 69. gr. og 69. gr. b. laganna.

VI

Brot ákærða Einars samkvæmt I. og II. kafla ákæru teljast varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en til vara við 247. gr. sömu laga.

Brot ákærða Einars samkvæmt III. kafla ákæru teljast varða við 2. mgr. 13. gr. b. og 2. mgr. 13. gr. c. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. 3. gr. b. og c. laga nr. 127/2011, með síðari breytingum, sbr. 4. tölul. 16. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. 5. gr. laga nr. 127/2011.

Brot ákærða Einars samkvæmt IV. kafla ákæru telst varða við 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

VII

Eftirtaldir brotþolar samkvæmt ákæruköflum I og II krefjast bóta frá ákærða Einari með vísan til ákvæða XXVI. kafla laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála:

Fyrir hönd A krefst Gunnlaugur Úlfsson hdl. skaðabóta úr hendi ákærða Einars að fjárhæð 30.000.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 5.000.000 frá 14. maí 2010 til 31. október 2010, af kr. 15.000.000 frá 1. nóvember 2010 til 20. september 2011, af kr. 30.000.000 frá 20. september 2011 til 21. febrúar 2013 og dráttarvaxta skv. 9. gr. sbr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 30.000.000 frá 21. febrúar 2013 til greiðsludags. Einnig er krafist málskostnaðar. Þá er þess krafist, ef fallist verður verður á upptökukröfu ákæruvaldsins, að ákveðið verði með dómi að upptækir fjármunir verði nýttir til greiðslu á skaðabótakröfu A, sbr. 1. mgr. 69. gr. e. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fyrir hönd D krefst Bernhard Bogason hdl. skaðabóta úr hendi ákærða Einars að fjárhæð 40.756.000 krónur auk dráttarvaxta frá 15. júní 2015, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Einnig er krafist málskostnaðar. Þá er þess krafist, ef fallist verður á upptökukröfu ákæruvaldsins, að ákveðið verði með dómi að upptækir fjármunir verði nýttir til greiðslu á skaðabótakröfu D, sbr. 1. mgr. 69. gr. e. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“

Kröfur ákærða Einars:

Ákærði Einar krefst þess aðallega í málinu að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvalds. Til vara krefst ákærði þess að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa. Þá krefst ákærði þess að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg þóknun verjanda til handa sem ákveðin verði að teknu tilliti til tímaskýrslu verjanda. Hvað bótakröfur varðar krefst ákærði þess aðallega að kröfunum verði vísað frá dómi, til vara krefst ákærði sýknu af kröfunum en til þrautavara að þær verði lækkaðar.

Kröfur þrotabús Skajaquoda ehf.:

Af hálfu þrotabúsins er þess krafist að upptökukröfu ákæruvalds verði hafnað og að skiptastjóra verði ákvörðuð þóknun vegna málsins.

A

Upphaf málsins má rekja til þess að með bréfi 24. júní 2013 kærði kröfuhafinn A ákærða Einar til embættis sérstaks saksóknara „... fyrir brot á ákvæðum almennra hegningarlaga sem varða fjárdrátt og svik. Jafnframt fyrir að safna að sér fé án þess að hafa til þess tilskilin starfsleyfi.“ Í kjölfarið hóf sérstakur saksóknari rannsókn á málinu. Samkvæmt fylgigögnum með kærinni var hún á því reist að ákærði Einar hefði mótttekið 30 milljónir króna frá félögunum ÞA eignum sf. og AT Group Ltd. til kaupa á hlutdeildarskírteinum í sjóði á vegum ákærða er nefndist Skajaquoda. Fjármunir félaganna hefðu ekki fengist greiddir til baka. Af málatilbúnaði kæranda mátti ráða að hann teldi ákærða hafa beitt blekkingum við að fá aðila til þess að fjárfesta í sjóðnum. B er viðskiptafélagi A og eru þeir eigendur að sameignarfélaginu ÞA eignum sf. Eiginkona B er C. Nefnd félög og einstaklingar höfðu öll aðkomu að þeim atvikum sem til umfjöllunar eru í I. kafla ákæru.

Í þágu rannsóknar málsins aflaði sérstakur saksóknari úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júlí 2013 þar sem nánar tilgreindum bankastofnunum var gert að afhenda upplýsingar um færslur og stöður á öllum bankareikningum í eigu einkahlutafélagsins Skajaquoda og félagsins Skajaquoda Capital LLC. Að kvöldi 9. júlí 2013 var ákærði Einar handtekinn. Í kjölfarið voru skýrslur teknar af honum í þágu rannsóknar málsins. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness degi síðar var ákærða síðan gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 15. júlí 2013. Ákærði var leystur úr varðhaldinu aðfaranótt 14. júlí.

Með bréfi til Íslandsbanka hf. 10. júlí 2013 lagði embætti sérstaks saksóknara hald á innstæður á bankareikningum Skajaquoda ehf., meðal annars á bankareikningi nr. [...]. Innstæðan á þeim reikningi nam 67.536.227 krónum og er andlag upptökukröfu ákæruvalds í málinu, sbr. V. kafla ákæru.

Hinn 13. júlí 2013 barst sérstökum saksóknara kæra frá Seðlabanka Íslands vegna meintra brota á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Beindist kæra Seðlabanka Íslands að Skajaquoda ehf., ákærða og tveimur öðrum einstaklingum. Laut kæran að meintum brotum gegn lögum um gjaldeyrismál sem framin hefðu verið í tengslum við þátttöku Skajaquoda Capital LLC í fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla ákæru.

Rannsókn málsins var umfangsmikil og beindist bæði að einstaklingum og lögaðilum. Til skoðunar komu meðal annarra félögin Skajaquoda ehf., TIR ehf., [...] ehf., Skajaquoda Group Inc., Skajaquoda Capital LLC og Likenia Inc. Vegna rannsóknarinnar var á grundvelli dómsúrskurða ráðist í húsleit á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þá voru réttarbeiðnir sendar til bandarískra yfirvalda sem vörðuðu ætlaða starfsemi félaga sem til rannsóknar voru þar í landi.

Kröfuhafinn D var kvaddur til að gefa skýrslu vitnis hjá sérstökum saksóknara 6. nóvember 2015. Lýsti vitnið þar samskiptum sínum við ákærða og hvernig það kom til að vitnið lét greiða 272.000 evrur, þá jafnvirði 44.336.000 íslenskra króna af bankareikningi sínum hjá AS Rietumu Banka í Lettlandi inn á reikning félags sem skráð var í Bandaríkjunum, Skajaquoda Capital LLC, sbr. atvik þau er II. kafli ákæru tekur til.

Hinn 10. janúar 2013 leysti A til sín frá C og B öll réttindi og kröfur þeirra gegnum félögin ÞA eignir sf. og AT Group Ltd. á hendur ákærða vegna atvika málsins. Gerðir voru um framsalið skriflegir samningar. Af þeim sökum stendur A einn að einkaréttarkröfu á hendur ákærða vegna meintra brota hans samkvæmt I. kafla ákæru, sbr. einnig VII. kafla hennar.

B

1

Ákærði Einar kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 10. febrúar 2016 og neitaði alfarið sök í málinu. Hann hafnaði jafnframt bótakröfum kröfuhafa. Við upphaf skýrslugjafar sinnar við aðalmeðferð málsins áréttaði hann þá afstöðu sína.

Ákærði kvaðst hafa stundað háskólanám í viðskiptafræði á árunum 2004-2006. Hann hefði ekki lokið því námi. Ákærði sagðist hafa starfrækt Skajaquoda-sjóðinn fram til ársins 2013. Hann hefði ekki aðra starfsreynslu hjá fjármálafyrirtæki.

Ákærði Einar staðfesti að hann hefði verið framkvæmdastjóri Skajaquoda ehf. og stýrt því félagi einn. Félagið hefði verið og væri enn í eigu Skajaquoda Capital LLC. Síðarnefnda félagið sagði ákærði hafa verið í sinni eigu er atvik máls gerðust. Ákærði sagði félagið vera svokallað series-félag en samkvæmt lögum Delaware væri heimilt að stofna innan slíkra félaga sérstakt félag, sérstakan lögaðila, sem væri einangrað frá LLC-félaginu bæði eigna- og skuldalega séð. Þetta

félagaform sagði ákærði sérstaklega vera hugsað fyrir sjóðrekstur eins og þann sem hann hefði verið með. Nefndi ákærði að innan Skajaquoda Capital LLC hefðu verið stofnaðir Skajaquoda Fund og tveir aðrir sjóðir, sem verið hefðu til í ákveðinn tíma. Skajaquoda Fund hefði verið sá sjóður sem sá um fjárfestingarnar. Hann hefði verið sérstakur lögaðili og gerður upp sjálfstætt óháð Skajaquoda Capital LLC.

Tir ehf., áður AGSN ehf., sagðist ákærði hafa stýrt á árunum 2010-2013. Tir ehf. væri einnig í eigu Skajaquoda Capital LLC. Síðastnefnda félagið sagði ákærði hafa verið undir sinni stjórn á þeim tíma er atvik máls gerðust. Enginn annar hefði stýrt daglegum rekstri þess félags. Félagið hefði ekki haft aðra fasta starfsmenn. Skajaquoda Group Inc. kvað ákærði enn fremur hafa verið undir sinni stjórn. Engir aðrir hefðu starfað að daglegum rekstri þess félags sem verið hefði í meiri hluta eigu ákærða, en ákærði hefði átt 60% eignarhluta í félaginu. Aðrir eignarhlutir í félaginu hefðu verið í dreifðri eignaraðild einstaklinga og lögaðila. Félagið Likenia Inc. sagði ákærði hins vegar hvorki hafa verið undir hans stjórn né í hans eigu. Einu tengsl ákærða við félagið hefðu verið að hann hefði komið að stofnun þess.

Ákærði staðfesti að hafa fyrir hönd Skajaquoda Fund mótttekið 5 milljónir króna frá AP eignum sf. 14. maí 2010 og 15 milljónir króna af eignum B og C 20. september 2011. Ákærði kannaðist einnig við að hafa fyrir hönd Skajaquoda Fund veitt viðtöku frá D 272.000 evrum sem greiddar hefðu verið af bankareikningi D í lettneskum banka inn á bankareikning Skajaquoda Capital LLC í Bandaríkjunum. Hins vegar kannaðist ákærði ekki við að hafa í október 2010 eða seint á því ári tekið við 10 milljónum króna í reiðufé af eignum ÞA eigna sf. Haustið 2010 kvaðst ákærði hafa verið búsettur í London, Englandi. Hann hefði ekki verið staddur á Íslandi í október það ár. Ákærði hefði dvalist í skamman tíma á landinu um sumarið 2010 en síðan ekkert fyrr en hann hefði komið hingað 23. desember það ár.

Fram kom hjá ákærða Einari að sameiginlegur kunningi hans og A hefði komið A, B og C í samband við hann. Þau hefðu hist og rætt almennt um „fjárfestingar og annað“. Ákærði kvaðst í sjálfu sér ekkert hafa kynnt fyrir þeim. Hann hefði einfaldlega sagt þeim frá því hvað hann væri að gera. Hann væri með „multistrategiu-sjóð“, verðbréfasjóð er gæti fjárfest í hverju sem er, sem rekinn væri í Delaware í Bandaríkjunum. Kvaðst ákærði hafa kynnt þeim skjöl varðandi Skajaquoda Fund, samninga og rekstrarpappíra sjóðsins, þegar þau hefðu óskað eftir því. Ákærði sagði í upphafi í raun hafa verið um þrjá sjóði að ræða sem síðar hefðu verið sameinaðir í einn. Skajaquoda Fund hefði verið stofnaður 2008, Delaware-einingin hefði verið stofnuð í nóvember það ár. Skajaquoda Fund sjóðinn sagði ákærði hafa verið rekinn af Skajaquoda Capital LLC. Einnig hefðu verið stofnsettir tveir aðrir sjóðir sem hugsaðir hefðu verið „fyrir einhverja ákveðna fjárfestingu“. Þeir sjóðir hefðu síðan verið lagðir niður og sameinaðir Skajaquoda

Fund. Þann sjóð sagði ákærði enn vera til en hann hefði hins vegar ekki verið starfandi síðan mál þetta kom upp. Ákærði sagði að af stað hefði verið komið ferli sem miðað hefði að því að loka sjóðnum en ekki hefði tekist að ljúka því ferli áður en mál þetta hófst „og setti allt líf mitt og starfsemi, allt gjörsamlega úr skorðum.“ Lítið hefði verið hægt að gera eftir það. Ef til þessa máls hefði ekki komið „væri búið að gera þetta allt saman upp, að sjálfsögðu.“

Svokölluð hátíðniviðskipti sagði ákærði Skajaquoda Fund hafa stundað um skamma hríð í gegnum annan sjóð. Það hefði ekki verið lengi. Ákærði hefði ekki verið neitt sérstaklega hrifinn af slíkum viðskiptum.

Um samskipti sín við D bar ákærði að sameiginlegur vinur, E, hefði kynnt þá. D hefði síðan kallað ákærða á sinn fund einhvern daginn og greint honum frá því að hann ætti von á því að fá í hendur fjármuni sem hann vildi nýta til fjárfestinga. D hefði viljað setja fjármunina í sjóðinn hjá ákærða, auk annarra fjárfestingahugmynda. Staðfesti ákærði að hafa kynnt D ávöxtun sjóðsins árin 2008 og 2009. Þá góðu afkomu kvað ákærði aðallega hafa náðst með vaxtamunarviðskiptum. Spurður um fjölda þeirra sem átt hefðu í sjóðnum á umræddum tíma kvaðst ákærði ekki geta svarað því að öðru leyti en því að þeir aðilar hefðu verið færri en 50. Vísaði ákærði í þessu sambandi til þess að langt væri um liðið. Spurður um hversu miklir fjármunir hefðu verið í sjóðnum á þessum árum, þ.e. 2008 og 2009, svaraði ákærði: „Ég er ekki alveg viss með það.“

Ákærði sagði upplýsingar um samtals ríflega 12% ávöxtun Skajaquoda Fund í júlí-september 2010, sem fram komi í skjali er verið hefði viðhengi með tölvupósti ákærða til D 11. september 2010, hafa verið réttar. Ákærði minntist þess hins vegar ekki að hafa verið í samskiptum við D símleiðis eða með öðrum hætti áður en D fjárfesti í Skajaquoda Fund.

Fyrir stofnun Skajaquoda Capital LLC 7. nóvember 2008 sagði ákærði Skajaquoda Fund hafa verið rekinn undir öðru nafni. Sjóðinn sagði ákærði hafa hafið starfsemi í janúar 2008. Spurður um undir hvaða formi Skajaquoda Fund var rekinn frá janúar 2008 og fram til stofnunar Skajaquoda Capital LLC svaraði ákærði: „Ég man ekki nákvæmlega hvernig það var sett upp.“

Aðspurður kvað ákærði EM Trade Swiss Ltd. hafa verið „eitthvað fjárfestingarkompaní sem var fjárfest í.“ Ákærði sagðist ekki hafa tengst félaginu og ekkert þekkja til skráðs stjórnanda þess. F kvað ákærði aðspurður vera lögfræðing í Þýskalandi sem haft hefði milligöngu um þessi viðskipti en ekkert tengjast starfsemi ákærða. Spurður um þá fjárfestingu sem tengdist því að leggja fjárhæð inn á fjárvörslureikning EM Trace Swiss í Þýskalandi svaraði ákærði: „Það voru einhver gjaldeyrisviðskipti og annað.“ Spurður um hvað orðið hefði um umrædda fjármuni, sem sækjandi sagði samkvæm gögnum málsins að mestu hafa

tilheyr A, C og B svaraði ákærði: „Þeir eru bara óhreyfðir í dag. Þeir hafa ekkert verið hreyfðir ... Þeir eru væntanlega bara enn þar sem þeir voru, þangað sem ég sendi þá.“

Aupay.net sagði ákærði vera leið til þess að fjárfesta í gulli. Ákærði kvaðst ekki tengjast þessari vefsíðu og ekkert þekkja til eigenda hennar eða rekstraraðila. Sagði ákærði vel geta verið að hluti af starfsemi aupay.net væri greiðslu miðlunarþjónusta. Þá ráðstöfun á fjármunum á nefndri síðu sem um ræddi í málinu sagði ákærði hafa verið fjárfestingu gerða í tengslum við sjóðsrekstur ákærða.

Ákærði kannaðist við að hafa veitt A, C, B og D upplýsingar um gang fjárfestinga félaga á þeirra vegum. Þær upplýsingar sagði ákærði hafa verið réttar. Tók ákærði fram að þau þrjú hefðu aldrei fjárfest persónulega í sjóðnum. Hagnað Skajaquoda-sjóðsins sagði ákærði hafa að verulegu leyti verið til kominn vegna vaxtamunarviðskipta. Nefndi ákærði sem dæmi að hann hefði mikið verið í viðskiptum með evru á móti danskri krónu. Þar hefði verið til staðar vaxtamunur þrátt fyrir að gengi dönsku krónunnar væri fest við gengi evru. Gengisáhættan hefði því verið engin.

Fram kom hjá ákærða að A, C, B og D hefðu aldrei óskað eftir því með formlegum og umsömdum hætti að losna út úr Skajaquoda Fund. Ákærði sagði A hafa verið fullkomlega ljóst að klára þyrfti ákveðna hluti í sjóðnum áður en hægt yrði að leysa sjóðinn upp, svo sem ákærði hefði áformað að gera. Þrátt fyrir það hefði A gengið hart fram í því að fá greitt úr sjóðnum, í trássi við samninga sem gerðir höfðu verið um sjóðinn og útgreiðslu úr honum, og hefði A í þessu skyni gripið til vafasamra úrræða, meðal annars hótana. Ákærði sagði það ferli sem í gangi hefði verið hafa miðað að því að færa Skajaquoda Capital LLC undir Skajaquoda Group. Með öðrum orðum hefði síðarnefnda félagið átt að taka við rekstri Skajaquoda Fund af því fyrrnefnda. Í þessu hefði í raun falist að sameina öll félögin og gera að einu skráðu félagi. Sagðist ákærði hafa gert A, C og B rækilega grein fyrir þessari fyrirætlun sinni á löngum fundi í byrjun árs 2011. Á fundinum hefðu þeim meðal annars verið kynnt öll útboðsgögn.

Ákærði sagði samkomulag hafa verið í burðarliðnum milli hans annars vegar og A, C og B hins vegar um uppgjör gagnvart þeim þremur, utan gerðra samninga, sem verið hefði nokkurn veginn í höfn þegar mál þetta hófst. Þeim hefði verið boðin greiðsla að fjárhæð 28 milljónir til lúknings á viðskiptum aðila. Taldi ákærði að þetta tilboð hans hefði hlotið jákvæðar undirtektir og að staðið hefði til að ganga að því. Þetta mál hefði síðan komið upp, öll starfsemi ákærða verið sett í uppnám og fjármunir frystir. Því hefðu ekki verið forsendur til þess að ljúka samningum á grundvelli tilboðs ákærða á meðan málið hefur verið í gangi.

Ákærði kvað enga af þeim fjármunum sem vísað sé til í ákæru hafa verið ráðstafað í sína þágu. Hann hefði ekki að neinu leyti tekið til sín eða dregið sér þá fjármuni. Fjármunirnir hefðu aldrei verið færðir út úr félagasamstæðunni og tilheyri enn í dag þeim sjóðum sem þeir voru lagðir í.

Fyrir dómi staðfesti ákærði að hafa ritað undir umsóknir vegna þátttöku Skajaquoda Capital LLC í fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands, dagsettar 15. janúar 2013 og 22. maí 2013. Tilgang Skajaquoda Capital LLC með þátttöku í fjárfestingarleiðinni sagði ákærði hafa verið að fjárfesta í skuldabréfi útgefnu af [...]. ehf. Eðli starfsemi þess félags sagði ákærði hafa verið fjárfestingarstarfsemi, meðal annars fjárfesting í skuldabréfum. Tók ákærði fram varðandi [...]. ehf. að það félag væri ekki undir hans stjórn. Því félagi stýrði E, eigandi þess og framkvæmdastjóri. E sagði ákærði hafa verið fullkunnugt um að umræddir fjármunir færu í gegnum félag hans. Aðspurður kvaðst ákærði ekkert sérstaklega hafa gefið E fyrir mæli eða leiðbeiningar um það hvernig haga skyldi þessum viðskiptum.

Fram kom hjá ákærða að hann hefði verið með aðgang að netbönkum þeirra íslensku félaga sem vísað væri til í III. kafla ákæru. Kvaðst ákærði ekki viss um það hvort einhver annar hefði haft aðgang að netbönkum félaganna og haft heimild til þess að framkvæma millifærslur af reikningum félaganna. Flestar þeirra millifærslna sem vísað væri til í III. kafla ákæru sagði ákærði hafa verið vegna lánaviðskipta innan samstæðu. Kvað ákærði mögulegt að hann hefði framkvæmt þessar millifærslur. Skilja bæri skýringar vegna flestra símgreiðslanna, 14 af 18, um að þær væru vegna greiðslu á reikningi, svo að um væri að ræða greiðslu á reikningi fyrir greiðslu á viðkomandi láni. Tilvik það sem um ræði í IV. kafla ákæru sagði ákærði annaðhvort hafa varðað lánaviðskipti eða önnur viðskipti innan samstæðu.

Félögin AGSN ehf. og Skajaquoda ehf. sagði ákærði hafa verið hluta af rekstri Skajaquoda Capital LLC. Fyrirhugaður hefði verið frekari rekstur í félögunum sem ekki hefði náðst að koma af stað.

Spurður út í símgreiðslu sem reynt hefði verið að framkvæma 28. maí 2013, en felld hefði verið niður degi síðar, kvaðst ákærði ekki muna sérstaklega eftir því að hafa reynt að framkvæma símgreiðsluna. Nánar aðspurður sagði ákærði ólíklegt að öðrum en honum væri til að dreifa í því sambandi. Spurður um fyrir hvað reikningur, dagsettur 1. maí 2013, útgefinn af Skajaquoda Capital LLC til Skajaquoda ehf., sem gögn málsins bæru með sér að ákærði hefði sent starfsmanni Íslandsbanka hf. 29. maí 2013, hefði verið kvaðst ákærði ekki vera viss. „Þetta er tengt einhverjum viðskiptum þarna innan samstæðunnar. ... Það getur vel verið að þetta sé lánaendurgreiðsla. Ég er bara ekki klár á því, eða lán eða endurgreiðsla, ég

er bara ekki með það.“ Gat ákærði ekki svarað því með vissu hver útbúið hefði reikninginn en taldi að það hefði „bókhaldsfyrirtækið“ gert.

2

A greindi svo frá að hann hefði kynnst ákærða Einari í gegnum fjármálastjóra í fyrirtæki sem vitnið eigi og reki. Vitnið kvaðst hafa hitt ákærða Einar á fundi ásamt B þar sem ákærði hefði sýnt þeim ákveðin gögn og hefði þeim B litist vel á það sem ákærði hafði fram að færa. Í þeim gögnum sem ákærði hefði sýnt þeim hefði komið fram mjög góð ávöxtun. Vitnið sagði þá B hafa átt sparifé sem þeir hefðu verið tilbúnir til þess að fá ákærða til ávöxtunar og hefði fyrsta greiðslan til hans farið fram í maí 2010.

Vitnið kvaðst lítið hafa þekkt til fjármálastarfsemi og verðbréfavíðskipta á þessum tíma og enga menntun eða reynslu hafa á því sviði. Vitnið hefði leitað til ákærða Einars í þeirri trú að hann starfaði og væri sérfræðingur á þessu sviði. Sagðist vitnið hafa verið haft að fifli í þessum viðskiptum.

Fram kom hjá vitninu að ákærði Einar hefði kynnt fyrir þeim B „einhvern Skajaquoda-sjóð“ og fjárfestingu í félögum og sjóðum „sem hann var með.“ Staðfesti vitnið að ákærði hefði meðal annars sýnt þeim B skjöl með yfirskriftinni „Private offering memorandum“. Var á vitninu að skilja að vegna takmarkaðrar enskukunnáttu hefði það ekki getað kynnt sér skjölin vel en vitnið tók fram í því sambandi að það hefði haft „... trú á því sem hann var að gera, hann seldi okkur þetta, hann var alveg sannfærandi.“ Þá upplýsti vitnið að það hefði ekki fengið utanaðkomandi aðstoð eða ráðgjöf til þess að kynna sér fjárfestinguna.

Vitnið sagði að í fyrstu hefði þeim B verið kynnt að fjárfestingarnar yrðu hér á landi en síðan hefði ákærði Einar „farið með þetta til Bandaríkjanna.“ Þar hefði hann verið með umsvif á OTC-hlutabréfamarkaði að því er vitninu skildist. Kvaðst vitnið hafa lagt trúnað á þá frásögn ákærða að umræddir fjármunir væru í Bandaríkjunum.

Eftir að hafa afhent ákærða Einari fjármuni samkvæmt framansögðu kvaðst vitnið hafa getað farið inn á heimasíðu sjóðsins og séð innistæðuna þar. Á síðunni hefði einnig verið hægt að sjá ávöxtun sjóðsins sem verið hefði mjög góð samkvæmt þeim upplýsingum sem birtust á síðunni.

Fram kom hjá vitninu að ákærði Einar hefði tekið við 30 milljónum króna alls úr hendi vitnisins. Um aðra greiðsluna sem ákærði hefði fengið, að fjárhæð 10 milljónir króna, bar vitnið að það hefði tekið þessa fjármuni út af reikningi félagsins ÞA eignum sf. í banka 10. ágúst 2010 og afhent ákærða þá í reiðufé, annaðhvort samdægurs eða daginn eftir að því er vitnið taldi. Hvar afhendingin fór fram kvaðst vitnið ekki muna. Í kjölfarið hefði vitnið séð koma fram hækkun „... í eign á sjóðnum hjá honum til að staðfesta það.“

Á árinu 2012 kvaðst vitnið hafa ætlað að fjárfesta í húsnæði hér á landi og því ætlað að innleysa þá fjármuni sem hann hafði afhengt ákærða Einari og hefði vitnið sent ákærða póst þess efnis. Á fyrri stigum hefði vitninu skilist á ákærða að lítið mál væri að innleysa fjármunina. Á einhverjum tímapunkti hefði ákærði Einar nefnt 30 daga innlausnarfrest. Sérstaklega aðspurt sagði vitnið beiðni um innlausn hafa verið setta fram í tölvupósti og símtölum. Vitnið hefði hins vegar ekki útfyllt formlegt innlausnarform sem borist hefði frá ákærða Einari í tölvupósti. Í ljós hefði hins vegar komið að allt var frosið. Samskiptin við ákærða vegna þessa hefðu í fyrstu gengið vel en síðan allt í einu hefðu svör hætt að berast frá ákærða, hann ekki svarað síma og ekki tölvupósti. Á endanum hefði þó tekist að ná í ákærða en það engu skilað og vitnið aldrei fengið fjármuni sína til baka. Tilkynning hefði borist frá ákærða um að tekin hefði verið um það ákvörðun að loka sjóðnum og leysa hann upp og að vitnið og aðilar honum tengdir fengju í staðinn hlutabréf í Skajaquoda Group Inc. Sagðist vitnið hafa verið mjög ósátt við þá tilkynningu enda metið það svo að þá yrðu fjármunir þess og annarra að engu, enda nefnt félag einskis virði.

Af hálfu ákærða Einars hefði komið fram að umræddir fjármunir væru frystir í Bandaríkjunum. Vitnið sagði það og aðila honum tengda hafa leitað til lögmanns og reynt með hans aðstoð að endurheimta fjármuni sína. Í kjölfarið hefðu farið fram samningaviðræður við ákærða sem á fundi hefði gefið ádrátt um greiðslu hluta fjármunanna. Samkvæmt tilboði ákærða hefði hann átt að greiða 10 milljónir við undirskrift og síðan 18 milljónir í september 2013. Vitnið og Þórir hefðu verið ósáttir við það að ákærði hygðist ekki greiða þeim fjármunina strax og heldur ekki allan höfuðstól þess sem þeir hefðu afhent honum. Þeir hefðu því ekki gengið strax að tillögu ákærða heldur tekið sér frest til þess að hugsa málið. Þessar viðræður hefðu síðan snarlega tekið enda daginn eftir þegar ákærði var settur í gæsluvarðhald. Eftir þetta hefði ákærði engan reka gert að því að endurgreiða fjármunina.

Aðspurt sagði vitnið ákærða Einar ekki hafa kynnt fyrir því þýskt félag að nafni EM-Trade Swiss Ltd. Hann hefði heldur ekki kynnt fyrir vitninu lögmann að nafni F. Vitnið rak ekki minni til þess að ákærði hefði kynnt því að það yrði, eða kynni að verða, hluthafi í félagi sem ákærði ræki í Bandaríkjunum. Þá hefði vitnið ekki talið sig vera að fjárfesta í gulli.

Vitnið staðfesti að það hefði í janúar 2013 fengið framseldar til sín allar umræddar fjárkröfur á hendur ákærða. Gerðir hafi verið tveir 15 milljóna króna framsalssamningar vegna þeirra, annars vegar frá ÞA eignum sf. og hins vegar AT Group Ltd. Vitnið hefði leyst kröfurnar til sín vegna aðstæðna í fjölskyldu C, konu B.

C bar fyrir dómi að hún og maður hennar, B, hefðu komist í samband við ákærða Einar í gegnum A. Þau hjónin ættu fyrirtæki með A og hefðu þau einnig verið með honum í fjárfestingum.

Um þekkingu sína á fjármálastarfsemi og verðbréfavíðskiptum á umræddum tíma bar vitnið að það hefði látið Arion banka hf. sjá um fjárfestingarnar fyrir þau B. Þau hefðu átt hluti í bönkunum og nokkrum öðrum félögum og verið flokkuð sem almennir fjárfestar. Menntun eða sérstaka reynslu á þessu sviði kvaðst vitnið ekki hafa haft. Vitnið sagðist hafa fengið um það upplýsingar að ákærði Einar væri búinn að starfa í þessum geira undanfarið, í það minnsta í Englandi þar sem hann hefði verið staðsettur á umræddum tíma. Þá hefði A aflað sér upplýsinga um ákærða hjá frænda sínum sem verið hefði starfandi í þessum geira „... og við gátum ekki séð betur en að þetta væri bara traustur aðili, eða við töldum það.“

Vitnið sagði ákærða Einar hafa kynnt fjárfestinguna með þeim hætti að hún ætti að fara í sjóð, Skajaquoda Fund. Kom fram hjá vitninu að ákærði hefði kynnt „einhver skjöl“ fyrir vitninu, B, manni þess, og A áður en þau fjárfestu í sjóðnum. Vitnið hefði sjálft ekki lesið þau skjöl. Aðspurt kvaðst vitnið hvorki hafa leitað sér ráðgjafar varðandi þessi skjöl sérstaklega né fjárfestinguna í sjóðnum. Sjóðinn hefði ákærði kynnt sem sjóð sem fjárfesti í góðum og spennandi félögum erlendis. Löngu síðar, þegar ákærði hefði verið búinn að móttaka alla umrædda fjármuni, hefði hann lýst sem spennandi kosti svokölluðum hátíðniviðskiptum með hlutabréf og látið þess getið að hann gæti hugsanlega komist inn í slík viðskipti.

Ákærða Einar kvað vitnið hafa lýst því áliti sínu að mjög góðir möguleikar væru á því að þeir erlendu sjóðir sem fjárfest yrði í myndu hækka mikið þar sem sjóðir erlendis væru frekar lágt skrifadír. Ákærði hefði sagt tækifærin vera góð og hann kynnt sig þannig að hann væri með mjög mikla þekkingu á þessum hlutum.

Fram kom hjá vitninu að það hefði fengið aðgang að heimasíðu sjóðsins hjá ákærða Einari og hefði vitnið getað séð hluti þeirra þar. Vitnið hefði ekki annað séð en að allt liti mjög vel út og að hagnaður væri af fjárfestingunni. Kvaðst vitnið aðspurt ekkert hafa kynnt sér fjárfestingar sjóðsins. Það hefði, því miður, treyst ákærða.

Vitnið sagði þau B hafa greitt samtals 30 milljónir króna til ákærða Einars. Fram kom hjá vitninu að það hefði verið í tölvupóstsamskiptum við ákærða á umræddum tíma. Kvaðst vitnið ávallt hafa fengið staðfestingu í tölvupósti í kjölfar innborgana þess efnis að sjóðurinn hefði hækkað. Þannig hefði það verið í því tilviki sem A hefði greitt þær 10 milljónir króna til ákærða sem ákærði neiti að hafa mótttekið. „Þar kom með, taldi ég, staðfestingu á þeirri greiðslu.“

Vitnið staðfesti fyrir dómi að hafa mótttekið frá ákærða Einari í tölvupósti, sbr. framlögð gögn, fréttabréf og skrifleg yfirlit um ávöxtun fjármuna í sjóðnum. Þá

hefði vitnið einnig verið í öðrum tölvupóstsamskiptum við ákærða. Vitnið sagðist hafa lagt trúnað á upplýsingar sem frá ákærða hefðu komið um hvar fjármunir þeirra B og A væru, og um ávöxtun þeirra, allt þar til „allt í einu hætti að heyrast frá honum.“ Það hefði gerst eftir að sett var fram ósk í júní 2012 um að innleystir yrðu fjármunir úr sjóðnum. Vitnið kvaðst aðspurt ekki muna hvort útfyllt hefði verið sérstakt formlegt innlausnarform. Allt að einu hefði verið beðið um innlausn og síðar staðfestingu á því að sú beiðni hefði verið sett fram. Kannaðist vitnið ekki við að ákærði Einar hefði sett fram sáttaboð til lausnar á málinu.

Vitnið kvað það hafa verið áfall þegar ákærði Einar tilkynnti í fréttabréfi í desember 2012 að tekin hefði verið um það ákvörðun að loka Skajaquoda-sjóðnum og innleysa hlutina og að í staðinn fengju þau hlutabréf í hlutafélagi ákærða Skajaquoda Group Inc., enda um mikla fjármuni að ræða. Sagði vitnið þau ekkert hafa þekkt til nefnds félags ákærða. Í kjölfar þessa hefðu þau hjónin og A leitað sér aðstoðar lögmanns. Aðspurt sagði vitnið ákærða Einar aldrei eftir þetta tímamark hafa greint frá því að fjármunir þeirra lægju óhreyfðir hjá þýsku félagi, EM Trade Swiss Ltd., eða fjárfestir í gulli.

Aðspurt kannaðist vitnið ekki við að ákærði Einar hefði kynnt fyrir því síðastnefnt félag, EM-Trade Swiss Ltd. Hann hefði heldur ekki kynnt fyrir vitninu lögmann í Þýskalandi að nafni F. Heimasíðuna aupay.net kannaðist vitnið ekki við en kvaðst aðspurt hins vegar ekki geta útlokað að ákærði hefði kynnt fyrir því mögulega fjárfestingu í gulli.

Vitnið staðfesti að þau hjónin hefðu framselt kröfur félaga sinna til A. Ástæðuna sagði vitnið hafa verið þá að léttu álagi af vitninu en á þessum tíma hefði mjög náinn ættingi þess glímt við alvarleg veikindi. Tók vitnið fram að A hefði liðið mjög illa yfir málinu þar sem það hefði verið hann sem kynnti þau hjónin fyrir ákærða Einari.

B sagði þá A hafa farið á kynningarfund hjá ákærða Einari varðandi fjárfestingar, en A hefði þekkt til ákærða í gegnum endurskoðanda sinn. Á fundinum hefði ákærði Einar kynnt fjárfestingarfélag á sínum vegum sem væri í ýmsum fjárfestingum. Ákærði hefði ekki farið út í nein smáatriði varðandi þær fjárfestingar en fram hefði komið hjá honum að horfur væru góðar í þeirri starfsemi og von á góðri ávöxtun. Einnig hefði komið fram á fundinum að ákærði hefði leyfi til þess að starfa bæði hér heima og erlendis. Þá hefði ákærði sýnt vitninu og A gögn yfir Skajaquoda-sjóðinn, heimasíður og annað. Hefði vitninu sýnst þetta allt vera mjög trúverðugt. Vitnið sagðist aðspurt ekki hafa kynnt sér fjárfestingarstefnu sjóðsins umfram það sem falist hefði í kynningu ákærða. Taldi vitnið að þetta hefði verið í eina skiptið sem það hitti ákærða áður en þeir A létu hann hafa fjármuni sem hefði verið ekki löngu eftir að fundurinn átti sér stað. Vitnið hefði síðan hitt ákærða

í þrjú önnur skipti eftir þetta. Eftir fundinn hefðu þeir A reynt að skoða þetta aðeins, „google“ o.fl., og „þetta virkaði allt eins og þetta væri í lagi.“

Vitnið kvaðst ekki þekkja mikið til fjármálastarfsemi og verðbréfavíðskipta. Vitnið hefði fjárfest í gegnum tíðina en ávallt leitað sér aðstoðar við fjárfestingar sínar. Sjálfst hefði vitnið enga menntun eða reynslu á því sviði og verið flokkað sem almennur fjárfestir. Vitnið kvaðst hafa leitað til ákærða Einars sem sérfræðings á umræddu sviði, enda hefði hann kynnt sig sem slíkan og lýst því að hann hefði með höndum fjárfestingar fyrir marga Íslendinga. Vitnið hefði í því ljósi ekki aflað sér utanaðkomandi aðstoðar til að meta fjárfestinguna.

Vitnið sagði þá A fyrst hafa látið ákærða Einar fá 5 milljónir í maí 2010. Að nokkrum tíma liðnum hefðu þeir síðan fundað með ákærða sem sýnt hefði þeim ávöxtun og annað er litið hefði vel út. Í kjölfarið hefðu vitnið og A látið ákærða fá 10 milljónir í viðbót, líklega 10. ágúst 2010, sem teknar hefðu verið út af reikningi félags sem vitnið og A hefðu átt í sameiningu. Þá fjármuni hefði A afhent ákærða og sagði vitnið fjárhæðina hafa sést á yfirlitum eftir að ákærði fékk fjármunina í hendur. Sést hefði að samtals 15 milljónir voru komnar í sjóðinn, auk þess sem sjá hefði mátt ávöxtun af fjárfestingunni. Eftir það hefðu þeir A enn fundað með ákærða, hann upplýst þá um ávöxtun, stöðu sjóðsins o.fl. og enn hefði allt litið vel út. Í því ljósi hefði vitnið ákveðið að láta ákærða fá 15 milljónir til viðbótar. Þá fjármuni hefði vitnið einnig séð á sjóðsyfirlitum.

Spurt um í hvað vitnið hefði talið að fjárfesting þess færi svaraði vitnið því til að það hefði staðið í þeirri meiningu að hún færi í allrahandu fjárfestingar í fyrirtækjum, þ.m.t. sprotafyrirtækjum sem ákærði „spottaði“ út og mikil tækifæri væru í. Fjárfestinguna kvaðst vitnið hafa talið vera í fyrirtækjum hér heima en ekki síður erlendis. Þar hefði sjóður ákærða enda verið staðsettur og ákærði að sögn verið með leyfi til sinnar starfsemi. Kvaðst vitnið hafa lagt trúnað á það sem ákærði kynnti þeim um fjárfestinguna, enda hefði vitnið ekki látið ákærða fá þessar síðustu 15 milljónir ef það hefði verið farið að efast um sannleiksgildi orða ákærða.

Fram kom hjá vitninu að allt hefði litið vel út og samband þeirra A við ákærða Einar verið með ágætum allt þar til A hefði þurft að innleysa fjármuni úr sjóðnum. Þá hefði poppað upp mánaðar innlausnarfrestur. Sá mánuður hefði liðið, svo annar til og síðan enn annar án þess að nokkrir fjármunir skiluðu sér. Á þessum tíma hefðu verið töluverð tölvupóstsamskipti við ákærða, hann beðist afsökunar en aldrei hefðu neinir peningar komið frá ákærða. Af þeim sökum og þar sem ekkert hefði staðist af því sem ákærði sagði og hann síðan ekki látið ná í sig hefðu vitnið, C og B leitað til lögmanns og fengið hann sér til aðstoðar í þeirri viðleitni að fá fjármuni sína til baka. Í kjölfarið hefðu komist á samningaviðræður við ákærða með aðkomu lögmanns hans. Í þeim hefði ákærði boðist til þess að greiða 28 milljónir til

baka í samtals þremur greiðslum. „Síðan var því kippt inn af því að Einar var settur í gæsluvarðhald. ... Þá gekk þetta allt til baka.“

Vitnið staðfesti að í janúar 2013 hefði A fengið framseldar til sín allar umræddar fjárkröfur á hendur ákærða. Gerðir hafi verið tveir 15 milljóna króna framsalssamningar vegna þeirra. A hefði leyst kröfurnar til sín vegna persónulegra aðstæðna í fjölskyldu vitnisins og C. Þau hefðu illa mátt við frekar álagi en þau voru undir vegna þeirra.

Vitnið kannaðist aðspurt ekki við að ákærði Einar hefði kynnt fyrir því félag að nafni EM-Trade Swiss Ltd. Fjárfestingu í gulli í gegnum heimasíðuna aupay.net kannaðist vitnið heldur ekki við. Mögulegt eignarhald vitnisins og A á hlutum í félagi ákærða að nafni Skajaquoda Group Inc. sagði vitnið ekki hafa verið reifað af hálfu ákærða áður en vitnið og A afhentu því fjármuni. Hins vegar hefði það félag mögulega komið til tals eftir að A hóf tilraunir sínar til þess að innleysa fjármuni sína úr sjóðnum.

D sagðist haustið 2009 hafa fengið kynningu á ákærða Einari frá kunningja sínum, E rafvirkja. E hefði lýst ákærða sem mjög öruggum aðila sem væri með fjárfestingarfélag á sínum vegum í Ameríku. Það félag starfaði samkvæmt stífum bandarískum reglum og væri undir eftirliti fjármálaeftirlits. Vitnið sagðist síðan eitthvað hafa heyrt í ákærða árin 2010 og 2011. Í ágúst 2012 hefði vitnið svo stofnað reikning í Lettlandi og við það notið aðstoðar ákærða. Ástæðuna kvað vitnið hafa verið þá að það hefði átt fjármuni á lífeyrissparnaðarreikningi hjá Allianz sem losna hefðu átt í nóvember 2012. Í kjölfarið hefði vitnið ákveðið að fjárfesta í Skajaquoda-sjóðnum. Sú fjárfesting hefði farið inn í sjóðinn 26. eða 27. nóvember 2012 og hefði vitnið séð innleggið þar inni eftir að hafa fengið lykilorð afhent.

Aðspurt kvaðst vitnið ekkert hafa þekkt til fjármálastarfsemi og verðbréfavíðskipta á þeim tíma sem atvik máls gerðust. Vitnið hefði enga menntun eða reynslu á því sviði. Vitnið væri lærður smiður og hefði það starfað sem verktaki og verið í fasteignaviðskiptum á árum áður. Spurt um hvort það hefði leitað til ákærða sem sérfræðings á umræddu sviði svaraði vitnið því játandi. Kom fram hjá vitninu að á árunum 2005-2006 hefði starfsmaður í Landsbankanum verið með 2-3 milljónir til ávöxtunar frá vitninu og í tengslum við þá fjárvörslu hefði verið sótt um fyrir vitnið sem fagfjárfesti.

Fram kom hjá vitninu að það hefði verið með netfang á nafni Fagvirkni ehf. á þeim tíma sem atvik máls gerðust. Upplýsingar sem borist hefðu á netfangið 19. desember 2009 um Skajaquoda-sjóðinn og ávöxtun í honum kvaðst vitnið hafa lagt trúnað á. Sama mætti segja um upplýsingar í tölvupósti sem borist hefði frá ákærða 11. október 2010. Staðfesti vitnið að eftir að fyrrnefndi tölvupósturinn barst og

fram á árið 2010 hefði ákærði haft símasamband við vitnið 4-5 sinnum og gyllt sjóðinn og hamrað járníð. Ákærði hefði lagt áherslu á það að ávöxtun í sjóðnum væri góð og að sjóðurinn væri mjög öruggur. Hluta af þessum samskiptum sagði vitnið hafa farið í gegnum E.

Vitnið sagðist hafa heyrt nokkrum sinnum í ákærða Einari og ákærði jafnframt komið á fund vitnisins einu sinni eða tvisvar sumarið 2012. Þá hefðu áður nefndir fjármunir á lífeyrissparnaðarreikningi hjá Allianz verið komnir inn í umræðuna. Um miðjan ágúst 2012 hefði vitnið síðan leitað eftir aðstoð ákærða við að stofna reikninginn í Lettlandi til þess að taka við fjármuninum, en skilyrði hefði verið af hálfu Allianz varðandi útgreiðsluna að peningarnir færu inn á reikning á nafni vitnisins. Vitnið kvaðst hafa sent bankanum í Lettlandi ýmis gögn varðandi málið, meðal annars kvittanir. Vitnið hefði notið aðstoðar ákærða við þetta allt saman, „hann leiddi ferlið.“ Meðal annars hefði ákærði látið vitnið hafa töluvert magn gagna á ensku, um 50 blaðsíður, varðandi fjárfestingarstefnu Skajaquoda-sjóðsins til þess að senda á bankann. Í lok nóvember 2012 hefði umrædd símgreiðsla síðan farið fram. Á þessum tíma sagðist vitnið hafa staðið í þeirri trú að það væri að fjárfesta í fjárfestingarsjóði sem ákærði Einar ræki í Bandaríkjunum.

Vitnið sagði síðar hafa komið til tals að flytja hluta fjármuna þess hingað til lands í gegnum fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands. Nánari upplýsingar um það hefði vitnið hins vegar ekki fengið. Enn síðar hefði vaknað sú hugmynd að koma með alla fjármuni vitnisins heim í gegnum nefnda leið og fjárfesta hér heima í ríkisskuldabréfum. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa vitað nánar hvað í þessu fælist og ekki vitað hvernig þetta átti nánar að eiga sér stað. Vitnið hefði engan þátt átt í þeirri framkvæmd.

Í mars 2013 kvaðst vitnið hafa farið inn á heimasíðu Skajaquoda-sjóðsins á sínu lykilorði og þá séð að fjármunir þess voru horfnir út úr sjóðnum. Ákærði Einar hefði aðspurður gefið vitninu þær skýringar að peningarnir hefðu verið teknir til hliðar í sjóðnum. Þeir yrðu þar sérstærð ef til þess kæmi að fjármunir vitnisins yrðu fluttir heim í gegnum fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands.

Í lok júlí eða byrjun ágúst 2013 kvaðst vitnið hafa haft veður af máli þessu og sett sig í samband við ákærða Einar. Ákærði hefði sagt vitninu að vera alveg rólegt, um einn allsherjar misskilning væri að ræða. Skömmu síðar hefði ákærði upplýst vitnið um að hann væri á leið utan til Bandaríkjanna og að þar myndi hann losa um einhverja skuldabréfasamninga. Hann væri með næga fjármuni ytra til þess að gera upp við vitnið. Ekkert hefði hins vegar gerst í framhaldinu. Aðspurt um hvort vitnið hefði fyllt út sérstakt innlausnarform kvað vitnið svo ekki vera en í öllum þeim tölvupóstum sem það hefði sent ákærða hefðu falist óskir um innlausn fjármunanna. Vitnið sagðist fram til 1. október 2013 ítrekað hafa reynt að hafa uppi

á ákærða og ná við hann sambandi en mætt algeru fálæti. Vitnið hefði þá áttað sig á því að ákærði var farinn að forðast vitnið. Í desember 2013 hefði vitnið loks náð sambandi við ákærða og þá fengið sama svar og áður og ákærði sagði að það gæti tekið hann um hálfan mánuð að losa peninga úti og gera upp við vitnið. Úr þessu hefði ekki orðið og vitnið hefði enn ekki fengið sína fjármuni til baka. Ákærði hefði heldur ekki boðist til þess að endurgreiða vitninu.

E kvaðst lengi hafa unnið hjá fyrirtæki í eigu fjölskyldu ákærða Einars. Vitnið væri í raun búíð að þekkja ákærða síðan hann var barn.

Einkahlutafélagið [...] sagði vitnið hafa verið stofnað árið 2007 eða 2008. Vitnið væri eini stjórnandi og eigandi félagsins. Engin starfsemi hefði hins vegar verið í félaginu frá stofnun og þar til „... peningarnir voru fluttir heim í gegnum þetta félag.“ Það væri eina starfsemin sem verið hefði í félaginu. „Annars hefur það alltaf verið á núlli.“

Vitnið sagði ákærða Einar hafa vitað af umræddu félagi vitnisins og innt hann eftir því hvort „flytja mætti peninginn heim“ í gegnum félagið. Vitnið hefði ekki talið neitt vera því til fyrirstöðu, enda verið farið í gegnum Seðlabankann og þinglýst skuldabréf „og allt löglegt“. Tók vitnið fram að að þessu loknu hefði það áformað að losa sig við félagið. Vitnið staðfesti að þeir fjármunir sem farið hefðu til [...] ehf. frá Skajaquoda Capital LLC. umrætt sinn hefðu farið út úr [...] ehf. samdægurs. Vitnið kvaðst hafa séð um að „koma peningunum áfram“ að beiðni ákærða Einars.

Vitnið staðfesti aðspurt að hafa heimsótt ákærða Einar þegar hann var búsettur í London, líklega í nóvember 2010 eða 2011. Ákærði hefði þá verið að búa sig undir flutninga heim til Íslands.

G bar fyrir dómi að fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands hefði verið leið sem bankinn bauð upp á fyrir erlendan óskilaskyldan gjaldeyri. Fram hefðu farið regluleg útboð, á eins og hálfmánaðar fresti. Forsendurnar hefðu verið þær að 50% hins erlenda gjaldeyris færi í gegnum útboðið gegn því að 50% yrði skipt á skráðu gengi hér heima. Sækja hefði þurft um nokkru fyrir hvert útboð, oftast fjórum til fimm vikum fyrir hvert útboð, og skila inn gögnum um hvaðan gjaldeyririnn kæmi og í hverju viðkomandi hygðist fjárfesta. Borið hefði að fjárfesta í skuldabréfum, hlutabréfum, hlutdeildarsjóðum eða fasteign.

Fram kom hjá vitninu að samkvæmt umsóknum Skajaquoda Capital LLC hefðu fjárfestingar félagsins verið í skuldabréfi útgefnu af einkahlutafélaginu [...]. Vitnið kvað samskipti sín vegna þessara umsókna Skajaquoda Capital LLC hafa verið við ákærða Einar. Frá honum hefðu komið þær upplýsingar sem vitnið fékk til að veita Seðlabankanum. Forsvarsmann [...] ehf. sagði vitnið hafa komið á vinnustað þess þeirra erinda að skrifa upp á útgáfu skuldabréfsins. Aðspurt kvaðst

vitnið ekki muna í hvað þeir fjármunir sem fengust með útgáfu skuldabréfsins hefðu átt að fara en taldi að það hefði þurft að koma fram í umsókninni sem fylgt hefði með til Seðlabankans. Tók vitnið fram að mjög algengt hefði verið á þessum tíma að íslensk einkahlutafélög gæfu út skuldabréf í tengslum við fjárfestingarleið Seðlabankans. Vitnið sagði því ekki hafa verið kunnugt um að þeir fjármunir sem til félagsins [...] ehf. komu hefðu allir farið samdægurs út úr félaginu aftur.

H, sem var starfsmaður Íslandsbanka hf. á þeim tíma er atvik máls gerðust, staðfesti fyrir dómi að hafa móttakið tölvupóst frá ákærða Einari 29. maí 2013 þar sem reikningur útgefin af Skajaquoda Capital LLC á Skajaquoda ehf. hefði verið í viðhengi. Vísaði vitnið til þess að „... Þórarinn hefur greinilega beðið um þennan reikning til staðfestingar á þessari greiðslu og ég hef áframsent það á hann.“ Nefndan Þórarinn sagði vitnið hafa verið starfsmann erlendra greiðslumiðlunar hjá bankanum. Játaði vitnið því aðspurt að bankinn hefði þarna verið að kalla eftir gögnum, umræddum reikningi, frá ákærða Einari til þess að heimilt væri að framkvæma símgreiðslu í evrum til fyrrnefnda félagsins frá því síðarnefnda. Fram kom hjá vitninu að reikningur hefði þurft að vera á bak við símgreiðslur eins og þessa vegna gjaldeyrishaftanna og þeim hefði þurft að framvísa við ráðgjafa Íslandsbanka ef fjármunir voru sendir úr landi með milligöngu ráðgjafanna. Í netbanka hefði hins vegar verið hægt að senda greiðslur án þess að reikningur fylgdi en „... það kemur skýrt fram að þú þurfir að sýna reikninga ef Íslandbanki biður um það.“

C

1

Í ákæru málsins er að finna, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, röksemdir þær sem málsóknin byggist á. Hvað ákærukafla I varðar er af hálfu ákæruvaldsins á því byggt að ákærði Einar hafi kynnt brotaþolum fjárfestingu í bandarískum fjárfestingarsjóði með heitið Skajaquoda Fund á vegum félags hans í Bandaríkjunum. Brotaþolar hafi ákveðið að fjárfesta í slíkum sjóði og í því skyni hafi þeir greitt til ákærða eða félags hans þær fjárhæðir sem tilteknar séu í I. kafla ákæru, samtals 30.000.000 króna.

Af því sem fram hafi komið í málinu verði ekki ráðið að gert hafi verið skriflegt samkomulag um ætlaðar fjárfestingar brotaþola í Skajaquoda-sjóðnum. Á hinn bóginn hafi við rannsókn málsins komið fram ítarleg skráningareyðublöð eða svonefnd skráningargögn sem auðkennd séu fjárfestingarsjóði á vegum Skajaquoda Capital LLC. Í heild sinni liggi slík gögn aðeins fyrir auð, þ.e. óútfyllt og óundirrituð. Þó séu meðal málsgagna einstök blöð úr slíkum skráningareyðublöðum sem brotaþolar og ákærði hafi fyllt út og undirritað í tengslum við ætlaða fjárfestingu brotaþola. Upplýsingar á slíkum blöðum lúti að skráningaraðila og

umfangi skráningar í fjárhæðum eða sjóðshlutum. Þær upplýsingar séu í samræmi við önnur gögn og framburð í málinu um ætlaða fjárfestingu brotþola í Skajaquoda. Þessi skráningareyðublöð stafi öll beint eða óbeint frá ákærða sjálfum.

Af þeim 30.000.000 króna sem brotþolar hafi greitt til ákærða Einars samkvæmt I. kafla ákæru hafi samtals 15.000.000 króna, sem afhentar hafi verið í maí og síðla árs 2010, stafað frá sameignarfélagi A og B, ÞA eignum sf. Ætluð sjóðseign brotþola hafi vegna þeirra greiðslna verið skráð á það félag. Greiðsla að fjárhæð 15.000.000 króna síðla árs 2011 hafi stafað frá brotþolunum B og C. Gögn málsins sýni að hlutir í sjóðnum sem síðastnefnd greiðsla hafi átt að vera fyrir hafi í gögnum sem gengu milli ákærða og brotþola verið skráðir sem eign erlends félags að nafni AT Group Ltd. í sjóðnum. Óumdeilt sé að sú eign hafi verið til komin vegna fyrrnefndra fjárframlaga brotþola og hafi þau talist endanlegir eigendur að þeirri eign í sjóðnum á öllum stigum málsins. Bendir ákæruvaldið á að ákærði hafi tilgreint í gögnum til bandaríska verðbréfaeftirlitsins, svonefndum SEC-gögnum, fyrir bandarískt félag sitt Skajauoda Group Inc. að félögin TA Group Ltd, AT Group Ltd. og AH Group Ltd., öll skráð á Anguilla í Karíbahafi, væru meðal hluthafa þess. Allir brotþolar hafi neitað að ákærði hafi nokkurn tímann kynnt þeim að ætluð fjárfesting þeirra í Skajaquoda-sjóðnum gæti runnið til þess að þau yrðu hluthafar í Skajaquoda Group Inc. í gegnum AT Group Ltd. eða önnur félög. Af gögnum málsins megi ráða að ákærði hafi stofnað þessi aflandsfélög og notað eitt þeirra, AT Group Ltd., við blekkingar sínar gagnvart brotþolum með því að láta líta svo út að það væri félag sem héldi utan um ætlaðar fjárfestingar þeirra í Skajaquoda-sjóðnum.

Fyrir utan gögn sem stafi beint eða óbeint frá ákærða sjálfum, sem hann hafi sent brotþolum og líta verði á sem tilbúning hans gagnvart þeim, hafi ekkert komið fram sem stutt fái að sjóður með nafninu Skajaquoda Fund eða sambærilegu heiti hafi í reynd verið starfræktur í Bandaríkjunum af ákærða eða fyrrnefndum þarlandum félögum hans á tímabili sem ákæra taki til. Af ýmsum gögnum frá Bandaríkjunum um áðurnefnd þarland félög ákærða verði ekkert ráðið um að þau hafi rekið fjárfestingarsjóð eða -sjóði, eins og ákærði hafi kynnt fyrir brotþolum. Í gögnum um Skajaquoda Group Inc. til bandaríska verðbréfaeftirlitsins, sem ákærði hafi sjálfur lagt fram og uppfært ítrekað yfir langt tímabil hjá bandaríska verðbréfaeftirlitinu, sé þó getið um sjóð með heitið Skajaquoda Fund, eða Skajaquoda Fund 1. Í þeim gögnum sé hins vegar undantekningarlaust vísað til sjóðsins með þeim hætti að hann hafi enn ekki hafið starfsemi. Athygli veki að í þessum gögnum og öðrum gögnum málsins varðandi félög ákærða í Bandaríkjunum komi fram að þau hafi aðeins einn starfsmann, þ.e. ákærða sjálfan. Gögn málsins bendi til að ákærði hafi engin eiginleg og lögmæt viðskiptaumsvif

haft í Bandaríkjunum, einungis að nafninu til. Telji ákærvaldið einsýnt að hvorki ákærði né félög hans hafi á tímabili því sem ákæra taki til rekið fjárfestingarsjóð í Bandaríkjunum öfugt við það sem ákærði hafi kynnt fyrir brotaþolum.

Ákærvaldið kveður ákærða hafa vakið og viðhaldið villu brotaþola. Sú háttsemi hans hafi náð allt frá fyrstu fundum þeirra þar sem ákærði kynnti fyrir þeim Skajaquoda-sjóðinn sem fjárfestingarkost. Ákærði hafi meðal annars látið í veðri vaka að fjárfestingar sjóðsins fælust í svonefndum hátíðniviðskiptum með hlutabréf. Af því og öðru megi raunar ráða að ákærði hafi gerst margsaga um eðli viðskipta fjárfestingarsjóðsins og félaga sinna í Bandaríkjunum. Hann hafi lagt ítarleg gögn um sjóðinn fyrir brotaþola og megi ætla að þar hafi verið um að ræða fyrrnefnd skráningargögn.

Þá sé á meðal gagna málsins fjöldi gagna um skrifleg samskipti ákærða og brotaþola frá sumri 2010 til ársloka 2012 varðandi ætlaða fjárfestingu brotaþola í Skajaquoda-sjóðnum. Þau sýni meðal annars ítrekaða upplýsingagjöf ákærða til brotaþola um sjóðinn og ætlaða fjárfestingu þeirra sem ávallt hafi verið á jákvæðum nótum og ljóst sé að hafi einungis verið liður í blekkingum hans gagnvart brotaþolum. Þá hafi ákærði einnig sent brotaþolum sérstök „fréttabréf“ stíluð á „sjóðsfélag“. Í þeim hafi meðal annars verið fjallað um sjóðinn og starfsemi hans. Í „fréttabréfi“ í ágúst 2012 hafi meðal annars komið fram að vegna þess að Skajaquoda Group væri á leiðinni á hlutabréfamarkað í Bandaríkjunum væri tímabundið lokað fyrir viðskipti með bréfin og því hvorki hægt að kaupa nýja hluti né innleysa núverandi hluti. Á þessum tíma hafi legið fyrir að brotaþolar höfðu frá vori 2012 óskað innlausnar á ætlaðri fjárfestingu sinni í sjóðnum í samræmi við 30 daga innlausnarfrést sem ákærði hafði kynnt þeim og ítrekað átt eða reynt að eiga í samskiptum við ákærða til að koma því til leiðar en án árangurs. Í tölvupóstsamskiptum milli ákærða og brotaþola af þessu tilefni sumarið 2012 hafi ákærði haldið áfram blekkingum sínum gagnvart brotaþolum varðandi ætlaða fjárfestingu þeirra í sjóðnum. Í „fréttabréfi“ í desember 2012 hafi ákærði loks gefið þær upplýsingar að tekin hefði verið ákvörðun um að „loka og leysa upp Skajaquoda Fund.“ Síðan hafi sagt: „Núverandi sjóðsfélagar fá skráð bréf í Skajaquoda [sic] inn á verðbréfareikning í sínu nafni í samræmi við eignarhald sitt í sjóðnum.“

Af hálfu ákærvaldsins er því haldið fram að fjármunum sem brotaþolar hafi greitt til ákærða og félags hans vegna ætlaðrar fjárfestingar sinnar í Skajaquoda-sjóðnum hafi ákærði ráðstafað í eigin þágu eða annars þannig að ekki tengdist eða samrýmdist hinni ætluðu fjárfestingu brotaþola. Þar sem ákærði eða félög hans hafi í reynd ekki rekið eiginlegan fjárfestingarsjóð hafi fé brotaþola ekki runnið í slíkan sérgreindan sjóð. Í ákærutexta er gerð grein fyrir, í hverju tilviki eins nákvæmlega

og gögn og framburðir í málinu ná, hvenær ákærði tók við þeim þremur greiðslum frá brotaþolum sem málið varðar. Fyrsta greiðsla brotaþola til ákærða hafi verið innt af hendi 14. maí 2010 með millifærslu að upphæð 5.000.000 króna inn á bankareikning félagsins Skajaquoda ehf. sem lotið hafi stjórn ákærða og verið í hans eigu. Með tveimur símgreiðslum, hinni fyrri þann sama dag og hinni síðari þremur dögum síðar, hafi ákærði sent samtals 30.188 evrur, að jafnvirði 4.994.686 íslenskra króna, af sama bankareikningi félags síns inn á persónulegan bankareikning sinn í Lúxemborg. Af bankareikningi ákærða í Lúxemborg hafi þessu næst borist 28. júní 2010 37.000 bandaríkjadalir, þá að jafnvirði 4.699.000 íslenskar krónur, inn á bankareikning félags ákærða Skajaquoda Capital LLC hjá JPMorgan Chase Bank í Bandaríkjunum. Daginn eftir, eða hinn 29. júní 2010, hafi stærstur hluti þáverandi innstæðu þess bankareiknings, eða rúmir 49 þúsund bandaríkjadalir af tæplega 53 þúsund bandaríkjadöllum, verið símsendur á bankareikning hjá Deutsche Bank í Þýskalandi. Nánari upplýsingar um hvað endanlega varð um þessa fjármuni hafi ekki verið upplýst við rannsókn málsins.

Ekki liggi fyrir með óyggjandi hætti hvernig ákærði hafi ráðstafað annarri greiðslu brotaþola til hans, að fjárhæð 10.000.000 króna á seinni hluta árs 2010, líklega í október það ár. Varðandi þriðju greiðslu brotaþola til ákærða að fjárhæð 15.000.000 króna sé meðal gagna málsins eyðublað úr fyrrnefndum skráningar gögnum fyrir Skajaquoda-sjóðinn. Það sé dagsett 20. september 2011 og áritað um viðtöku greiðslu af ákærða sjálfum. Samkvæmt gögnum málsins hafi ákærði þann dag lagt 15.000.000 króna inn á fyrrnefndan bankareikning félags síns, Skajaquoda ehf. Daginn eftir hafi ákærði sent 128.095,64 bandaríkjadali, þá að jafnvirði 14.999.999 íslenskra króna, með símgreiðslu af sama bankareikningi inn á áðurnefndan bankareikning félags síns Skajaquoda Capital LLC hjá JPMorgan Chase Bank í Bandaríkjunum. Í október 2011 hafi ákærði greitt megnið af innstæðunni á þessum bankareikningi Skajaquoda Capital LLC, 150.000 bandaríkjadali, til hins bandaríska félags síns Skajaquoda Group Inc. með tveimur ávísunum að fjárhæð 100.000 og 50.000 bandaríkjadalir. Gögn málsins sýni að ávísanirnar hafi verið innleystar en ekki liggi fyrir í málinu áreiðanleg gögn um endanleg afdrif fjármunanna.

Brotaþolar hafi í janúar 2013 leitað aðstoðar lögmanns við að endurheimta fjármuni sína, án árangurs. Telji ákærvaldið fjármunina að fullu glataða brotaþolum. Af hálfu ákærvalds sé á því byggt að ákærði Einar hafi með háttsemi sinni samkvæmt framansögðu komið brotaþolum, sbr. I. kafla ákæru, til að afhenda honum og félagi hans samtals 30.000.000 króna með því að vekja og styrkja hjá þeim þær röngu hugmyndir um tilvist og starfsemi Skajaquoda-sjóðsins sem að framan sé lýst. Sú háttsemi ákærða hafi verið ólögmet þegar af þeirri ástæðu að

enginn slíkur sjóður hafi í reynd verið starfræktur í neinni eiginlegri mynd. Hinar margháttaðu upplýsingar ákærða til brotþola um sjóðinn og málefni hans, sem og um ávöxtun og afdrif fjármuna brotþola, hafi því ekki verið annað en uppspuni ákærða. Ákærði hafi síðan ráðstafað fjármuninum með þeim hætti sem að framan sé lýst, án þess að brotþolar hafi endurheimt nokkuð af þeim þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Með þeim hætti hafi ákærði haft fé af brotþolum með blekkingum og varði þau fjársvik hans við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Fari svo ólíklega að ekki verði fallist á heimfærslu háttsemi ákærða undir 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 setji ákærvaldið fram varakröfu um heimfærslu háttseminnar undir 247. gr. almennra hegningarlaga. Varakrafan byggist á sömu atvikum og að meginstefnu á sömu verknaðarlýsingu og aðalkrafan en í sérstakri verknaðarlýsingu vegna varakröfunnar komi fram hvernig atvik falli að hugtaksatriðum fjárdráttar. Nánar sé þá á því byggt að vörslur ákærða á fjármunum brotþola hafi stofnast með viðtöku hans og félags hans á fjármunum þeirra. Þær vörslur ákærða hafi byggst á þeim forsendum milli hans og brotþola að fjármunirnir skyldu renna til fjárfestinga brotþola í Skajaquoda-sjóðnum, eins og ákærði hafi talið brotþolum trú um og staðhæfði við þá á öllum atvikatíma málsins. Brotþolar hafi þannig alla tíð staðið í þeirri trú að fjármunir þeirra væru í slíkum sjóði og ávöxtuðust þar. Svo hafi hins vegar ekki verið samkvæmt framansögðu. Tileinkun ákærða á fjármuninum hafi átt sér stað þegar hann ráðstafaði þeim með þeim hætti sem áður var lýst, eða í síðasta lagi þegar hann stóð ekki skil á fjármuninum við brotþola eftir að kröfur þeirra þar um komu fram.

Hvað ákærukafla II varðar er af hálfu ákærvaldsins vísað til þess að fjársvik ákærða gagnvart brotþolanum D hafi að meginstefnu til verið hliðstæð fjársvikum ákærða samkvæmt I. kafla ákæru. Að talsverðu leyti eigi því sömu röksemdir við um báða kaflana.

Rekja megi blekkingar ákærða gagnvart brotþolanum D aftur til ársins 2009. Gögn málsins sýni að 19. desember það ár hafi ákærði sent brotþola tölvupóst sem hafist hafi á þeim orðum að nafngreindur maður hefði beðið hann um að senda brotþolanum „smá upplýsingar um SKAJAQUODA sjóðinn“. Í tölvupóstinum og yfirliti um sjóðinn í viðhengi með honum hafi síðan komið fram upplýsingar frá ákærða um sjóðinn. Þar hafi meðal annars sagt að sjóðurinn hefði verið starfræktur í tvö ár og að ávöxtun sjóðsins árið 2008 hafi verið 40,18%. Það sem af væri árinu 2009 væri hún 24,86%. Yfirlit í viðhenginu hefði verið almennt fyrir árangur sjóðsins árið 2008 og fyrstu 11 mánuði ársins 2009. Yfirlitið hafi verið sambærilegt sumum þeirra yfirlita sem ákærði hafi sent brotþolum samkvæmt ákærukafla I. Yfirlitið hafi að geyma ítarlegar tölfræðiupplýsingar um góða ávöxtun fjármuna í sjóðnum. Fram komi meðal annars að tap hafi ekki orðið í neinum mánuði á

tímabilinu og að samanlögð ávöxtun næmi „75,05“. Í viðhenginu sé enn fremur línurit sem sagt sé sýna dæmi af 250.000 bandaríkjadala fjárfestingu í janúar 2008. Línuritið beri með sér að slík fjárfesting hafi síðla árs 2009 numið hátt í 450.000 bandaríkjadöllum.

Í gögnum málsins sé einnig að finna annan tölvupóst frá ákærða til brotapolans frá 11. október 2010. Í honum bendi ákærði brotapolanum á umfjöllun bandaríska fréttaskýringarþáttarins 60 mínútna um svonefnd hátíðniviðskipti. Í tölvupóstinum staðhæfi ákærði að þetta sé „aðferð sem sjóðurinn minn beitir núna“ og segi jafnframt: „Eins og þú sérð í þættinum þá er um að gera að stökkva á þetta tækifæri af öllu aflu á meðan það er í boði.“ Með tölvupóstinum hafi enn fremur fylgt í viðhengi yfirlit um árangur sjóðsins, sambærilegt hinu fyrrnefnda og öðrum í málinu. Yfirlitið hafi borið með sér að vera fyrir mánuðina júlí til september 2010 og tilgreindi 12,72% ávöxtun á þeim tíma.

Þá liggja fyrir samkvæmt vætti brotapola að hann og ákærði hafi ítrekað átt í símasamskiptum þar sem ákærði hafi lagt að honum að fjárfesta í umræddum sjóði og lýst honum á sambærilega jákvæðan hátt og í tilvitnuðum tölvupósti.

Sumarið 2012 hafi brotapoli D átt von á útgreiðslu inneignar vegna líftryggingar sinnar hjá þýska tryggingafélaginu Allianz. Útgreiðslan hafi átt að eiga sér stað í nóvember það ár og hafi inneign brotapola numið um 270.000 evrum. Ákærða Einari hafi verið kunnugt um hina væntanlegu útgreiðslu. Frá því síðla í ágúst 2012 og fram í nóvember það ár hafi brotapoli unnið að því, eftir ábendingu og með milligöngu og undir handleiðslu ákærða, að stofna bankareikning hjá JSC Rietumu Banka í Lettlandi til að taka við útgreiðslunni. Á þeim tímapunkti hafi brotapoli þá verið búinn að ákveða að láta umrædda fjárhæð alla renna til ætlaðrar fjárfestingar í Skajaquoda-sjóðnum. Hinn 19. október 2012 hafi brotapoli gefið skrifleg fyrirmæli til Allianz um að greiða inneign hans inn á nánar tilgreindan bankareikning hjá Rietumu banka, sem stofnaður hafi verið í þeim mánuði. Greiðsla hafi borist frá Allianz 13. nóvember 2012 að fjárhæð 273.471 evra. Hinn 26. nóvember 2012 hafi 272.000 evrur verið sendar með símgreiðslu af bankareikningnum inn á bankareikning félags ákærða Skajaquoda Capital LLC í Bandaríkjunum. Gögn málsins sýni að ákærði hafi tekið virkan og ríkan þátt í þessum ráðstöfunum frá upphafi.

Samkvæmt yfirliti bankareiknings hins bandaríska félags ákærða Skajaquoda Capital LLC, sem símgreiðsla brotapola D hafi verið send inn á, hafi greiðslan verið skráð inn á bankareikninginn 27. nóvember 2012. Fénu virðist síðan, ásamt öðru fé sem félagi ákærða barst frá þriðja aðila, hafa verið ráðstafað til að fjármagna þátttöku Skajaquoda Capital LLC í svonefndri fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands á næstu mánuðum þar á eftir, en félagið hafi tvívegis fengið að

taka þátt í gjaldeyrisútboðum vegna hennar, í mars og júní 2013.

Blekkingar ákærða gagnvart brotþola D um tilvist og starfsemi fjárfestingarsjóðsins í Bandaríkjunum hafi haldið áfram fyrst eftir viðtöku ákærða á fjármunum brotþola. Þá hafi brotþola í kringum áramót 2012-13 borist frá þriðja manni, sem við önnur tækifæri hafði að sögn brotþola verið milligöngumaður í samskiptum brotþola og ákærða eða flutt brotþola fregnir af umsvifum hans, „fréttabréf“ ákærða stílað á „sjóðsfélagi“, sem ákærði sendi samkvæmt áðursögðu frá sér í árslok 2012. Í fréttabréfinu hafi meðal annars verið greint frá lokun Skajaquoda-sjóðsins. Brotþoli hafi sent ákærða fyrirspurnir vegna fréttabréfsins en ekki verði ráðið af málgögnum hvort ákærði hafi svarað þeim skriflega. Hins vegar liggi fyrir að ákærði og brotþoli áttu að frumkvæði brotþola í fáein skipti eftir þetta samskipti um fjármuni brotþola og ætlaða fjárfestingu hans. Er mál þetta kom upp sumarið 2013. hefði brotþoli tekið að hafa áhyggjur af afdrifum fjármuna sinna. Hann hafi þá og allt fram á árið 2015 ítrekað leitað svara hjá ákærða varðandi endurheimt fjármunanna en án árangurs.

Varakrafa samkvæmt II. kafla ákæru segir ákæruvaldið reista á forsendum og varakröfu samkvæmt ákærukafla I.

Í III. kafla ákæru séu ákærða gefin að sök brot gegn 2. mgr. 13. gr. b. og 2. mgr. 13. gr. c. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrisráðgjafi. Þær lagagreinar hafi verið færðar inn í lög um gjaldeyrisráðgjafi með lögum nr. 127/2011 um breytingu á lögum um gjaldeyrisráðgjafi, tollalögum og lögum um Seðlabanka Íslands, sbr. 3. gr. b. og c. þeirra laga. Með 5. gr. sömu laga hafi verið lögfest sem 4. töluliður 16. gr. laga um gjaldeyrisráðgjafi refsíákvæði vegna brota gegn meðal annars tilvitnuðum lagagreinum. Þessar lagagreinar hafi síðan gilt óbreyttar að því leyti sem þýðingu hafi í máli þessu.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. b. séu allar fjármagnshreyfingar samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins á milli landa í erlendum gjaldeyri óheimilar nema um sé að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega séu undanþegnar í lögnum. Af atvikum málsins sé ljóst að þær undanþágur geti ekki haft þýðingu fyrir sakargiftir samkvæmt þessum kafla ákæru.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. c. sé innlendum aðila óheimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi þegar greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri, nema hann sýni fram á að féð sé til notkunar í vöru- og þjónustuviðskiptum eða vegna fjármagnshreyfinga sem tilgreindar séu nánar í ákvæðinu sem hugsanlegar undantekningar. Af atvikum málsins sé ljóst að þær undantekningar geti ekki haft þýðingu fyrir sakargiftir samkvæmt þessum kafla ákæru.

Háttsemi ákærða samkvæmt III. kafla ákæru hafi falið í sér brot gegn báðum fyrrnefndum lagaákvæðum, annars vegar með ólögætum fjármagnshreyfingum og hins vegar ólögætum gjaldeyrisviðskiptum. Í öllum einstökum tilvikum brota samkvæmt ákærukaflanum hafi ákærði notað innstæðu í íslenskum krónum á viðkomandi bankareikningum og skipt henni í erlendan gjaldeyri samhliða því að senda sama gjaldeyri til útlanda með símgreiðslum. Þannig sé því byggt af hálfu ákæruvaldsins að heimfæra beri háttsemi ákærða undir bæði ákvæðin og beita þeim saman um hana.

Af hálfu ákæruvalds er til þess vísað að meðal málgagna séu gögn frá Íslandsbanka hf. um allar þær símgreiðslur og gjaldeyrisviðskipti sem ákært sé fyrir í málinu. Þau gögn sýni að í flestum hinna 18 tilvika brota ákærða samkvæmt III. kafla ákæru, eða nánar tiltekið öllum nema tilvikum 6, 12, 14 og 17 samkvæmt töflu sem fram kemur í ákærukaflanum, hafi tilgreind skýring til viðtakanda greiðslunnar verið „Payment of invoice“, þ.e. greiðsla á reikningi eða ámóta orðalag. Í engu þeirra tilvika séu þó meðal gagna málsins afrit reikninga sem slíkar tilvísanir kynnu að tengjast. Í hinum fjórum tilvikunum hafi skýring til viðtakanda verið sú að greiðslan skyldi berast Skajaquoda Capital LLC, „Further Credit to Skajaquoda Capital LLC“. Hið síðastnefnda tilvik nr. 17 sé þó þrátt fyrir þetta eina tilvikið þar sem gögn málsins um símgreiðsluna hafa að geyma afrit af reikningi, svo sem vikið verður að síðar.

Samkvæmt gögnum sem frá Íslandsbanka hf. stafa hafi umræddar símgreiðslur verið framkvæmdar í gegnum netbanka fyrir viðkomandi bankareikninga Skajaquoda ehf. og AGSN ehf. undir aðgangsauðkennum sem ákærði hafi farið með. Eigi það við um allar símgreiðslurnar nema um tilvik nr. 17 samkvæmt fyrrnefndri töflu. Samkvæmt gögnum málsins hafi ákærði verið sá eini sem notaði slík netbankauðkenni fyrir bankareikninga félaganna.

Ákæruvaldið segir á því byggt að í reynd hafi engir raunverulegir reikningar legið til grundvallar fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum ákærða samkvæmt III. kafla ákæru. Þá hafi þau að öðru leyti ekki tengst neins konar vöru- eða þjónustuviðskiptum hans eða íslenskra félaga hans við viðtakendur greiðslanna, þ.e. ákærða sjálfan eða bandarísk félög hans. Fyrir utan fyrrnefndan reikning vegna tilviks nr. 17 samkvæmt títtnefndri töflu séu engin afrit af reikningum meðal þeirra bankagagna sem fyrir liggja í málinu um þessar símgreiðslur ákærða. Þá liggja fyrir að ákærði hafi fyrst afhent þann reikning til Íslandsbanka hf. eftir að bankinn hafði með vísan til gjaldeyrishafta fellt niður símgreiðslu sömu fjárhæðar sem ákærði hafði reynt að framkvæma. Að fengnu afriti reikningsins hafi bankinn þó framkvæmt símgreiðsluna síðar þann sama dag, 29. maí 2013. Ákæruvaldið telji að þar hafi ákærði framvísað við bankann

fölsuðum reikningi til þess að blekkja starfsmenn bankans til að framkvæma símgreiðsluna sem bankinn hafði áður felld niður, sbr. ákærufylla IV. Í öðrum gögnum málsins sé heldur ekkert sem fái stutt að ákærði sjálfur eða viðkomandi innlend félög hans hafi átt í vöru- eða þjónustuviðskiptum við ákærða sjálfan í útlöndum eða viðkomandi bandarísk félög hans, sbr. til dæmis skattframtöl ákærða og innlendra félaga hans á viðkomandi tímabili og margvísleg gögn málsins um hin erlendu félög. Gögn málsins bendi ekki til að þau félög hafi rekið neina eiginlega lögmæta starfsemi og þar með ekki neina þá starfsemi sem hefði getað falið í sér vöru- eða þjónustuviðskipti við ákærða eða félög hans á Íslandi. Þá liggja fyrir í gögnum málsins staðfestingar embættis Tollstjóra á því að enginn innflutningur á tímabilinu 2011 til 2014 finnist skráður í kerfi þess embættis á hin tvö innlendu félög ákærða sem hér um ræði.

Ákærvaldið segir gögn málsins eindregið benda til þess að flest þeirra einstöku tilvika símgreiðslna og gjaldeyrisviðskipta sem III. kafla ákæru varði hafi í reynd ekki verið annað en liður í þeirri háttsemi ákærða og fleiri sem samkvæmt áðursögðu var til rannsóknar í málinu sem ætluð fjársvik hans og fleiri gegn Seðlabanka Íslands í tengslum við þátttöku bandarísks félags hans Skajauoda Capital LLC í svonefndri fjárfestingarleið bankans. Gögn málsins sýni að þessar símgreiðslur og tilsvarendi gjaldeyrisviðskipti ákærða hafi ekki verið liður í vöru- og þjónustuviðskiptum heldur þess í stað hluti af viðameiri fjármagnsflutningum sem tengst hafi þátttöku hins bandaríska félags ákærða Skajauoda Capital LLC í gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands vegna fjárfestingarleiðar bankans. Sú þátttaka hafi verið skipulögð og framkvæmd af ákærða af hálfu félagsins og hafi að öllu leyti verið á fölskum forsendum. Fjármagnsflutningarnir hafi meðal annars einkennst af hringstreymi fjármuna milli félags ákærða Skajauoda Capital LLC í Bandaríkjunum og félaga ákærða á Íslandi, nánast alltaf í gegnum skráð félag annars manns, einkahlutafélagið [...]. sem ákærði hafi notað og í reynd ráðið á þessum tíma. Eigi þetta einkum við um tilvik 8-15 og 17 í fyrnefndri töflu um einstök brot ákærða. Þau tilvik varði auk þess samanlagt stærstan hluta þeirra fjármuna sem brot ákærða samkvæmt III. kafla ákæru hafi tekið til, eða um 207,3 milljónir króna. Af gögnum málsins megi ráða að símgreiðslur og tilsvarendi gjaldeyrisviðskipti ákærða í þessum tilvikum hafi í reynd ekki verið annað en þáttur í þessu hringstreymi fjármuna. Dagsetningar slíkra fjármagnsflutninga frá apríl og fram á sumar 2013 bendi loks eindregið til þess, í samhengi við önnur málsgögn, að fjármunir sendir til Íslands á þeim tíma séu þeir fjármunir sem að hluta til hafi verið haldlagðir við rannsókn máls þessa og krafist sé upptöku á.

Ákærvaldið segir að í ákærufylla IV sé ákærða Einari gefið að sök skjalafals í tengslum við eina þeirra símgreiðslna og gjaldeyrisviðskipti sem ákærufylli III

taki til, sbr. tilvik nr. 17. Slíkar ráðstafanir teljist vera lögskipti í skilningi 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Um sé að ræða símgreiðslu að fjárhæð 30.000 evrur frá Skajaquoda ehf. til Skajaquoda Capital LLC 29. maí 2013 og tilsvarendi gjaldeyrisviðskipti. Um helstu atvik kringum símgreiðsluna og tilsvarendi gjaldeyrisviðskipti vísist til ákærkafla IV. Blekking ákærða hafi verið einstaklega skýr en upplýst sé að starfsmenn Íslandsbanka hf. hafi upphaflega hafnað því að framkvæma umrædda símgreiðslu og tilsvarendi gjaldeyrisviðskipti. Greiðslan og viðskiptin hafi síðan verið framkvæmd eingöngu af þeirri ástæðu að ákærði framvísaði hinum falsaða reikningi við starfsmenn bankans.

Staðhæfingu um að umræddur reikningur hafi verið falsaður byggja ákærvaldið meðal annars á því að gögn í málinu sýni fram á að bæði fyrrnefnd félög ákærða hafi í reynd á þeim tíma sem hér skipti máli ekki verið annað en skúffufélög með engan eiginlegan og lögmætan rekstur eða starfsemi. Við rannsókn málsins hafi ekkert komið fram um umsvif þessara félaga önnur en þau sem verið hafi liður í þeirri brotastarfsemi ákærða sem ákæra málsins varði. Ekkert liggi fyrir í málinu því til stuðnings að félögin hafi átt sín á milli þau viðskipti sem hinn falsaði reikningur geti hafa varðað. Atvik tengd háttsemi ákærða samkvæmt ákærkafla III og atvik tengd háttsemi hans samkvæmt ákærkafla IV sérstaklega sýni enn fremur fram á að engin viðskipti eins og þau sem reikningurinn lýsi hafi átt sér stað. Þar með hafi hann verið falsaður.

Ákærvaldið segir upptökukröfu, sbr. V. kafla ákæru, einkum reista á ákvæðum 69. gr. og 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um jafnvirðisupptöku, upptöku hjá lögaðila sem hinn brotlegi hafi ráðandi stöðu í og öðrum upptökuákvæðum þessara lagagreina. Ákærði hafi á tímabili ákæru verið eini stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Skajaquoda ehf. samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Ákærvaldið telji einnig að hann hafi á því tímabili verið eigandi félagsins.

Gögn málsins sýni að hina haldlögðu fjármuni megi rekja til hins bandaríska félags ákærða Skajaquoda Capital LLC og raunar aftur gegnum það félag til Íslands, sbr. III. kafla ákæru. Fjármunirnir tengist þátttöku þess félags í gjaldeyrisútboði Seðlabanka Íslands 11. júní 2013. Í grófum dráttum megi rekja slóð fjármunanna svo: Dagana 10. og 19. apríl 2013 hafi ákærði sent samtals 841.749,66 evrur með tveimur símgreiðslum til Skajaquoda Capital LLC í Bandaríkjunum af bankareikningi Skajaquoda ehf. Síðari daginn hafi hann einnig sent 14.962,38 bandaríkjadali með sama hætti. Hinn 30. maí 2013 hafi ákærði sent 30.000 evrur í viðbót til Skajaquoda Capital LLC. Dagana 24. apríl og 4. júní 2013 hafi ákærði hins vegar sent frá Skajaquoda Capital LLC í Bandaríkjunum til íslenska fjármálafyrirtækisins H.F. Verðbréfa hf., sem verið hafi milligönguaðili

Skajaquoda Capital LLC við Seðlabanka Íslands vegna þátttöku félagsins í fjárfestingarleiðinni, samtals 603.000 evrur með tveimur símgreiðslum. Fyrir liggir að þessir fjármunir eða stærstur hluti þeirra hafi verið hluti af greiðslu H.F. Verðbréfa hf. til Seðlabanka Íslands 11. júní 2013. Sú greiðsla hafi verið liður í uppgjöri umbjóðenda H.F. Verðbréfa hf. í fjárfestingarleiðinni við Seðlabanka Íslands vegna gjaldeyrisútboðs bankans þann dag. Endanlegt uppgjör gjaldeyrisviðskipta Skajaquoda Capital LLC við Seðlabanka Íslands í þessu gjaldeyrisútboði hafi farið fram að frumkvæði starfsmanns H.F. Verðbréfa hf. 21. júní 2013. Samkvæmt skilmálum útboðsins og fjárfestingarleiðarinnar hafi Skajaquoda Capital LLC talist heimilt að skipta hjá Seðlabanka Íslands 558.000 evrum í íslenskar krónur á gengi samkvæmt útboðinu, sem verið hafi 210 krónur fyrir hverja evru. Seðlabankinn hafi í samræmi við þetta greitt þann sama dag 117.180.000 krónur til H.F. Verðbréfa hf., sem milligönguaðila fyrir hönd Skajaquoda Capital LLC. Frá H.F. Verðbréfum hf. hafi svo sama dag runnið 114.180.000 krónur af þessari fjárhæð til félagsins [...]. ehf., sem ákærði hafi í reynd ráðið yfir og notað á þessum tíma. Þaðan hafi sama fjárhæð runnið samdægurs fyrst inn á bankareikning félags ákærða TIR ehf. (nú AGSN ehf.) og að síðustu inn á bankareikning Skajaquoda ehf. Hluti fjármunanna, 72.959.810 krónur, hafi strax verið millifærður inn á annan bankareikning þess félags, nánar tiltekið bankareikning nr. [...] hjá Íslandsbanka hf. Um það bil þremur vikum síðar, eða 10. júlí 2013, hafi stærstur hluti þessara fjármuna, 67.536.227 krónur, á síðastnefndum bankareikningi Skajaquoda ehf., verið haldlagður. Sú fjárhæð sé andlag upptökukröfu ákæruvalds.

2

Ákærði Einar lagði fram greinargerð í málinu með heimild í 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Verða nú reifuð helstu sjónarmið ákærða sem þar koma fram.

Ákærði Einar segir Skajaquoda Capital LLC vera fjárfestingarsjóð sem rekinn sé í svokölluðu series LLC félagiformi. Ljóst sé að rannsakendur málsins hafi ekki áttað sig á því félagiformi sjóðsins og megi af ákæru ráða að sá þáttur málsins hafi ekki verið rannsakaður með fullnægjandi hætti. Félagið hafi heimild til þess að stofnsetja afmarkaðar félagsdeildir með mjög einföldum hætti. Slíkar félagsdeildir njóti sjálfstæðrar aðildar og sé skipun hluthafa innan deildar með öllu óháð hluthöfum félagsins sjálfs, eða annarra deilda. Hver félagsdeild geti sjálfstætt borið ábyrgð á eigin skuldbindingum, með öllu óháð félaginu sjálfu og öðrum deildum þess. Þannig sé unnt að stofna sérstaka félagsdeild um tiltekna starfsemi eða fjárfestingu og afmarka þá starfsemi frá annarri.

Ákærði vísar til skjalsins LLC Operating Agreement (Delaware Series). Þar segir hann ítarlega fjallað um rekstrarform þessara svokölluðu series-eininga. Í 7. gr., 2. kafla, komi fram að með ákvörðun sjóðstjóra megi ákveða að stofna sérstaka einingu en skýrar reglur um rekstur, ábyrgð, eignarhald og hagnað af rekstri eininga sé að finna í 3. og 4. kafla samningsins. Í skýrslu sem ákærði hafi gefið hjá lögreglu 12. júlí 2013 hafi verið fjallað um þetta félagaforn og upplýst að félagið sé series LLC félag. Einnig hafi komið þar fram að félagið sé ósjálfstæður skattaðili í þeim skilningi að arði sé ekki ráðstafað út úr félaginu heldur streymdi hagnaður eða tap í gegnum félagið til eigenda í samræmi við eignarhlutdeild. Slík félög kallist S Corporation félög í Bandaríkjunum þar sem þau séu skattlögð í samræmi við S undirkafla 1. kafla bandarískra skattalaga. Ákærði segir ljóst að rannsakendum hafi ekki verið kunnugt um virkni series LLC félaga sem skattlögð séu með þessum hætti.

Ákærði segir það grafalvarlegt mál að við útgáfu ákæru hafi vanþekking á rekstri félagsins litað allt ákæruskjalið og afstöðu saksóknara til ákæruliða. Ekki verði séð að ákæruvaldið hafi kynnt sér málefni sjóðsins svo nokkru nemi. Þá hafi rannsakendur ekki gefið því nægjanlegan gaum með hvaða hætti hin íslensku félög tengdust hinum erlendu félögum, en Skajaquoda Capital LLC sé móðurfélag einkahlutafélaganna Skajaquoda ehf. og TIR ehf. Ekkert sé um það getið í ákæru.

Af hálfu ákærða Einars er sérstaklega á það bent að fullt firmaheiti Skajaquoda Capital LLC sé „Skajaquoda Capital LLC, Skajaquoda Fund Series“. Félagið hafi stofnað fyrrgreinda sjóði, sem nefnist Fund, Fund 2 og EURISK Fund. Eftir stofnun Fund 2 hafi fyrri Fund-sjóðurinn verið einkenndur með tölunni 1. Hafið sé yfir allan vafa að félagið Skajaquoda Group Inc. hafi verið stofnsett 29. apríl 2011. Þær einingar sem starfræktar séu undir Skajaquoda Capital LLC séu reknar sjálfstætt og hafi sjálfstæða fjárfestingarstefnu. Ein slíkra eininga sé Skajaquoda Fund og hafi ákærði lagt fram staðfestingu bandarískra skattyfirvalda á kennitölu sjóðsins, til sönnunar á tilvist hans, auk afrits af ákvörðun sjóðstjóra Skajaquoda Capital LLC um stofnun Skajaquoda Fund. Af hálfu ákærða sé því með öllu hafnað að ekki sé til staðar fjárfestingarsjóður með heitinu Skajaquoda Fund.

Allur málsgrundvöllur ákæruvaldsins virðist reistur á þeirri röngu forsendu að tilvist og starfsemi sjóðanna hafi verið sjónarspil. Í því sambandi vísar ákærði til staðfestingar framlagningar á staðfestingu á útgáfu kennitölu Skajaquoda Capital LLC og Skajaquoda Fund en augljóst sé að enginn möguleiki sé á því að afla slíkra skráninga nema fyrir liggi tilvist þessara tveggja félaga. Enn fremur vísar ákærði til tilkynningar Skajaquoda Capital LLC til bandaríska fjármálaeftirlitsins þar sem tilkynnt hafi verið um þá fyrirætlan félagsins að bjóða fjárfestum að taka þátt í sjóðum félagsins. Sú tilkynning hafi verið samþykkt 13. mars 2009. Í kjölfarið taki

forsvarsmenn sjóðsins við framlögum fjárfesta. Slík undanþága fáist ekki nema sá lögaðili sem sækir um sé til staðar.

Tilfni lögreglurannsóknarinnar segir ákærði Einar hafa verið kærur A. Fyrir liggi skráning félags á hans vegum fyrir hlutdeild í sjóði sem einkenndur sé sem Skajaquoda Fund. Þá liggi fyrir gögn um hlutdeild aðila sem A tengist í Skajaquoda Fund, Skajaquoda Fund 2 og Skajaquoda EURISK Fund. Hvað varði ætluð fjársvik gegn D liggi fyrir gögn um að ákærði hafi kynnt hann fyrir Skajaquoda Fund og Skajaquoda Fund 2. Með því að ganga út frá því við rannsókn málsins að nefndir sjóðir hafi ekki verið stofnaðir, án þess að það hafi verið rannsakað sérstaklega, sé vart að undra þótt ákærvaldið hafi komist að þeirri niðurstöðu að ákærði hafi haft rangt við og blekkt umrædda aðila. Samkvæmt framansögðu liggi hins vegar fyrir gögn sem beri með sér að sú niðurstaða sé alröng.

Ákærði kveðst hafna þeim sakargiftum sem fram séu settar í I. kafla ákæru, hvort sem er varðandi fjársvik eða fjárdrátt. Ákærði hafi haft milligöngu um að aðilar fjárfestu í fjárfestingarsjóðum Skajaquoda í Bandaríkjunum. Óumdeilt sé að 14. maí 2010 hafi verið millifærðar 5.000.000 króna af reikningi ÞA eigna sf. inn á reikning Skajaquoda ehf. í Íslandsbanka hf. og að 10. september 2011 hafi ákærði haft milligöngu um að 15.000.000 króna var ráðstafað í reiðufé til fjárfestingar í sjóðnum. Ákærði neiti hins vegar að hafa í október 2010, eða seint á því ári, tekið við 10.000.000 króna í reiðufé af eignum ÞA eigna sf. Bendir ákærði á að í umfangsmikilli rannsókn saksóknara á slóð þeirra fjármuna sem A og tengdir aðilar hafi lagt til sjóðsins hafi ekki tekist að finna þessari greiðslu neina stoð. Gegn staðfastri neitun ákærða verði því að telja ósannað að ákærði hafi fengið nefnda fjárhæð afhenta með þeim hætti sem lýst sé í ákæru.

Ákærði segir A og aðilum honum tengdum hafa mátt vera ljóst að almennt skyldu allir sem fjárfestu í sjóðnum undirgangast sömu skuldbindingar til að tryggja jafnræði fjárfesta. C hafi fyrir hönd A og annarra fjárfesta sem honum tengjast verið sent svokallað Redemption Form. Hvorki A né aðrir aðilar honum tengdir hafi skilað inn þessu innlausnarformi.

Ákærði bendir á að samkvæmt 243. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skuli aðeins refsar fyrir brot sem fjallað sé um í XXVI. kafla laganna að brotin hafi verið framin í auðgunarskyni. Athygli vekur að í ákæru sé vart til staðar umfjöllun um auðgunarþátt málsins sem almennt sé mikilvægasti þátturinn hvað varði refsinaemi hinna meintu brota. Ákærði kveðst í fyrsta lagi hafna því að hafa á einhvern hátt blekkt nokkurn til að leggja fram fjármuni til sjóðsins. Í annan stað hafi ákærði ekkert hagnast af þeim atvikum sem getið sé um í ákæruskjali, enda hafi engu af fjármunum í eigu sjóðanna verið ráðstafað í þágu ákærða. Þvert á móti megi af gögnum málsins ráða að fjármunum hafi aðeins verið ráðstafað í

samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðanna.

Í umfjöllun ákærvalds um upptökukröfu sé gengið út frá því að ákærði hafi verið eini eigandi Skajaquoda ehf. og því haldið fram að óyggjandi upplýsingar um eignarhaldið skorti. Það sé rangt og hefði ákærvaldinu verið í lófa lagið að rannsaka þennan þátt málsins með fullnægjandi hætti. Fyrir liggi ársreikningur vegna ársins 2011 þar sem fram komi að félagið sé að öllu leyti í eigu Skajaquoda Capital LLC.

Í ákæru sé rakið með hvaða hætti 5.000.000 króna fjárfestingu félags tengt A hafi verið ráðstafað en þar sé slóð fjármunanna rakin á bankareikning í Deutsche Bank í Þýskalandi. Þaðan hafi fjármunirnir farið á viðskiptareikning Skajaquoda Capital LLC í verðbréfafyrirtækinu EM Trade, sbr. framlagt yfirlit, og þar séu þeir enn.

Hvað varði ráðstöfun á 15.000.000 króna framlagi sömu aðila hafi meginþorra fjárhæðarinnar verið varið til fjárfestingar í gulli, sbr. framlagða kvittun sem sýni að 20. september 2011 hafi verið í nafni Skajaquoda Capital LLC keyptar 70,316 únsur af gulli. Dagslokagengi á gullúnsunni þann dag hafi verið \$ 1811,8 og því hafi kaupverð gullsins verið \$ 127.398,53. Komi þetta að mestu heim og saman við þá fjárhæð sem millifærð hafi verið af reikningi Skajaquoda ehf. til Skajaquoda Capital LLC, sem alls hafi numið \$ 128.095,64 samkvæmt ákæru. Þessi fjárfesting hafi legið þar óhreyfð síðan.

Varðandi kafla II í ákæru kveðst ákærði Einar vísa að miklu leyti til framangreindra röksemda varðandi I. kafla ákæru. Rannsókn ákærvaldsins sé með sama hætti ábótavant hvað þennan lið varði. Þá hafni ákærði því að hafa af ásetningi blekkt D, dregið sér fé frá honum, eða með öðru móti brotið gegn D í auðgunarskyni. Ákærði tekur sérstaklega fram að D hafi verið fullkunnugt um að fyrirhugað væri að taka þátt í fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands. Ákærði telji ekkert hafa verið ólögmaett við færslu umræddra fjármuna og hafni hann því að hafa með sviksamlegum hætti ráðstafað þeim í eigin þágu. Fjármununum hafi verið ráðstafað í samræmi við vitneskju og samþykki D og séu þeir hluti hinna haldlögðu fjármuna.

Í III. kafla ákæru segir ákærði Einar vera fjallað um alls 18 símgreiðslur fjármuna milli aðila sem tengist Skajaquoda Capital LLC. Einkum sé um að ræða millifærslur frá Skajaquoda ehf. og TIR ehf. Í ákæru sé sérstaklega að því vikið að ákærði hafi verið eini stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi félaganna á þeim tíma sem greiðslurnar áttu sér stað. Ekkert sé hins vegar vikið að því að bæði félögin hafi að öllu leyti verið í eigu Skajaquoda Capital LLC. Gögn þess efnis séu þó aðgengileg hjá íslenskum yfirvöldum, enda hafi færslur og skil á hlutafjármiðum hjá embætti ríkisskattstjóra verið í samræmi við áskilnað laga. Eignarhaldsins sé

einnig getið í yfirlýsingu stjórnar í ársreikningi Skajaquoda ehf. vegna ársins 2011.

Samanlögð fjárhæð framangreindra millifærslna hafi numið um 220 milljónum króna miðað við gengi gjaldmiðla á færsludögum. Ákærvaldið láti hins vegar hjá líða að geta þess að þar af séu millifærslur frá dótturfélagi til móðurfélags í alls átta tilvikum. Alls hafi þessar millifærslur numið 200.390.242 krónum. Í fjórum tilvikanna hafi millifærslur átt sér stað á milli félaga innan sömu félagasamstæðunnar, alls að fjárhæð 13.740.664 krónur. Eftir standi millifærslur samtals að fjárhæð 5.874.099 krónur er Skajaquoda ehf. hafi greitt ákærða, sem sé hluthafi í samstæðunni. Í umfjöllun um þessar millifærslur segi í ákæru að samkvæmt 2. mgr. 13. gr. b. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál hafi allar fjármagnshreyfingar milli landa í erlendum gjaldeyri verið óheimilar nema um væri að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga, sem sérstaklega hafi verið undanþegnar í lögnum. Síðan segi að af atvikum málsins þyki ljóst að undanþágur geti ekki haft þýðingu fyrir sakargiftir. Ákærði tekur í þessu sambandi fram að þrátt fyrir að vilji löggjafans hafi staðið til þess að koma á víðfeðmum og ströngum reglum, sem að mestu hömluðu fjármagnshreyfingum yfir landamæri, megi greina að löggjafinn hafi verið meðvitaður um að ótækt væri að spyrna gegn flæði fjármagns innan samstæðu. Þannig hafi frá upphafi haftanna verið að finna almenna heimild fyrir því að fjármunir gætu flætt frá einni einingu innan samstæðu til annarrar í formi lána. Að því marki sem fjármunir, er flæði innan samstæðu, séu ekki til komnir vegna vöru- og þjónustuviðskipta, hafi þannig alltaf verið unnt að flytja fjármunina frá einni einingu til annarrar með veitingu láns. Vísar ákærði í þessu samhengi til 13. gr. g. laga nr. 87/1992, en þar sé að finna áður nefnda undantekningu frá almennu banni fjármagnsflutninga vegna samstæðulána. Það sæti því sérstakri furðu að í ákæruskjali sé því slegið föstu að undantekningar geti ekki haft þýðingu fyrir sakargiftir þegar rannsakendum hafi mátt vera fullkunnugt um tengsl íslensku félaganna við hina erlendu sjóði, sem og tengsl allra aðila sem standi að þessum færslum fjármuna. Vegna innbyrðis tengsla greiðanda og viðtakanda allra umræddra millifærslna feli engin þeirra í sér brot á áður nefndum fjármagnshöftum sem innleidd hafi verið í lög um gjaldeyrismál.

Að sögn ákærða er það almenn regla í samstæðuuppjöri að krafa stofnist um endurgreiðslu fjármuna á hendur þeim sem móttók þá, að því marki sem greiðslur innan hennar séu ekki til komnar vegna viðskipta. Þá sé það almenn regla, með vísan til armslengdarsjónarmiða, að slík krafa verði ávallt að reiknast til vaxta í samræmi við markaðskjör. Slíkar greiðslur innan samstæðu séu því lán, óháð því hvort um viðskiptin sé gerður sérstakur samningur eða ekki, enda gildi almenn markaðskjör sé ekki um annað samið.

Ákærði telji ekki skipta máli hvort tilfærsla áðurgreindrar fjárhæðar innan samstæðu skýrist af kaupum á vörum og þjónustu eða samstæðuláni. Hvort tveggja sé refsilaust. Hið minnsta geti það ekki verið látið ráða því hvort aðilum sé gerð refsing fyrir fjármagnshreyfingarnar, hvort aðilar hafi skjalfest kjör sín á milli. Allar þær millifærslur sem ákært sé fyrir í málinu rúmist því innan ramma lögfesta undanþáguheimilda laga um gjaldeyrismál.

Þá segir ákærði Einar það ekki samræmast refsiréttarsjónarmiðum að eitt og sama stjórnvald hafi vald til þess að veita einstakar undanþágur frá reglum um gjaldeyrishöft og heimild til að kæra brot gegn sömu reglum. Meðferð undanþágubeiðna sé mjög svo ógagnsætt ferli og liggi engar málsmeðferðarreglur fyrir sem starfsmenn Seðlabanka Íslands styðjast við er undanþágubeiðnir séu afgreiddar. Heimild til að sýsla með gjaldeyri sé þannig háð ákvörðun einstakra starfsmanna sem hafi þannig vald til að ákvarða að tilteknir einstaklingar eða lögaðilar geti án refsingar sýslað með gjaldeyri og flutt hann milli landa. Á meðan ekkert liggi fyrir um með hvaða hætti slíkar undanþágur séu veittar og allar ákvarðanir um veitingu þeirra séu óbirtar lúti engin lögmæt sjónarmið að því að einum aðila sé gerð refsing fyrir verknað sem öðrum aðila sé veitt heimild til að stunda samkvæmt stjórnsýsluákvörðun. Slíkt stríði augljóslega gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár, sbr. lög nr. 33/1944, sem og sjónarmiðum er varði réttláta málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá myndi slíkt fyrirkomulag stríða gegn þeirri þrískiptingu ríkisvalds sem stjórnskipun lýðveldisins byggist á, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar.

Á því sé ekki byggt að heimild Seðlabanka Íslands til veitingar undanþága frá gjaldeyrishöftum, sbr. 7. gr. laga um gjaldeyrismál, stríði sem slík gegn stjórnarskrá. Með því að veita Seðlabanka Íslands vald til að taka ákvörðun um að tilteknir einstaklingar eða lögaðilar megi refsilaust sýsla með gjaldeyri í höftum, eða að tilteknar aðgerðir skuli almennt sæta undanþágu hafta, sé stjórnvaldi falið vald til að ákveða hvaða aðgerðir skuli refsiverðar og ákveða að tiltekinn hópur einstaklinga eða lögaðila sé undanskilinn refsíabyrgð. Í þessu samhengi skipti ekki höfuðmáli hvort undanþáguheimildir séu ákvarðaðar á grundvelli reglugerðar, sbr. 4. gr., 13. gr. b. og 5. mgr. 13. gr. c., en rétt sé þó að geta þess að rúmur helmingur þeirra millifærslna sem ákært sé fyrir hafi átt sér stað áður en settar voru reglur um meðferð undanþáguheimilda, sbr. áðurgildandi reglugerð nr. 300/2013 og núgildandi reglugerð nr. 565/2014. Reglugerðirnar breyti ekki þeirri staðreynd að Seðlabankanum sé veitt heimild til að veita almennar undanþágur frá refsíákvæðum laganna samkvæmt umsókn þar að lútandi, sbr. 7. gr. laga um gjaldeyrismál.

Enda þótt framsal valds til að veita undanþágur frá tilteknum lagareglum sé viðurkennt í stjórnslurétti og stjórnskipan landsins geti slíkt framsal aldrei verið lögmætt þegar tilvist slíkra undanþága ákvarði hvort mönnum verði gerð refsing eða ekki. Það eigi ekki síst við þegar stjórnvaldi séu engin takmörk sett hvað varði veitingu slíkra undanþáguheimilda.

Ákærði Einar vísar því á bug að hann hafi staðið að fölsun reikninga með þeim hætti sem lýst sé í IV. kafla ákæru. Ákæruliðurinn virðist einkum byggjast á þeirri forsendu, sem áður hafi verið fjallað um, að félög þau er tengist ákærða hafi ýmist ekki verið stofnuð eða ekki haft neina eiginlega starfsemi. Því hafni ákærði alfarið. Hann hafni því enn fremur að fjölmörg gögn málsins sýni fram á að félög ákærða hafi ekki haft neinn eiginlegan rekstur og ekki verið annað en skúffufélög. Ákærði telur ákærvaldið ekkert leggja fram þeirri staðhæfingu sinni til stuðnings.

3

Þrotabú Skajaquoda ehf. krefst sýknu af upptökukröfu ákærvalds. Þrotabúið vísar til þess að þegar ákæra hafi verið gefin út á hendur Skajaquoda ehf. 23. desember 2015 hafi félagið verið undir stjórn ákærða Einars. Félagið hafi síðan verið úrskurðað gjaldþrota 27. janúar 2016. Við uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti hafi skipaður skiptastjóri takið við stjórn félagsins. Krafa ákærvalds sem byggð sé á ákvæðum 69. og 69. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi því ekki lengur við þar sem ákærði Einar hafi ekki lengur ráðandi stöðu í félaginu. Af þeim sökum séu ekki lengur fyrir hendi þau skilyrði sem ákvæði 69. gr. b. almennra hegningarlaga tilgreini og ákærvaldið byggji upptökukröfuna á.

Við uppkvaðningu úrskurðar um töku bús skuldara til gjaldþrotaskipta taki þrotabúið við öllum fjárhagslegum réttindum sem skuldarinn hafi átt eða notið við uppkvaðningu úrskurðarins, nema annað leiði af réttarreglum, eðli réttindanna eða löggæringi sem ekki verði hnekkð vegna gjaldþrotaskiptanna, sbr. 1. mgr. 72. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Regla þessi komi einnig fram í 74. gr. laga nr. 21/1991, þ.e. að við uppkvaðningu úrskurðar héraðsdómara um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta missi þrotamaðurinn rétt til að ráða yfir réttindum sem falli til þrotabúsins eftir 72. og 73. gr. sömu laga. Meðan á gjaldþrotaskiptum standi fari skiptastjóri með forræði þrotabúsins, sbr. 122. gr. laganna, og sé einn bær til þess að ráðstafa hagsmunum og svara fyrir skyldur búsins. Samkvæmt öllu þessu sé ljóst að sýkna beri þrotabúið af upptökukröfu ákærvalds.

Þrotabúið vísar til þess að engin hættu sé á því að ákærði Einar fái fjármuni þrotabúsins í sínar vörslur þar sem skiptastjóri taki ákvarðanir um hvernig eignum og réttindum þrotabúsins sé ráðstafað, sbr. 124. gr. laga nr. 21/1991. Ákærvaldið beri sönnunarbyrðina fyrir því að atvik máls hafi verið með þeim hætti sem lýst sé í

ákæru, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Það hafi ákærvaldinu ekki tekist og því beri að sýkna þrotabúið af upptökukröfu ákærvalds.

Varðandi kröfu um málsvarnarlaun skiptastjóra til handa vísar þrotabúið til XXXIV. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

D

Ákærukaflar I og II:

Fyrir liggur að 14. nóvember 2008 skráði ákærði félagið Skajaquoda Capital LLC í Delaware ríki í Bandaríkjunum. Dagana 29. apríl 2011 og 23. maí 2011 skráði hann síðan félögin Skajaquoda Group Inc. og Likenia Inc. í sama ríki.

Svo sem rakið er í kafla B.1 hér að framan staðfesti ákærði Einar í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hefði verið framkvæmdastjóri Skajaquoda ehf. og stýrt því félagi einn. Skajaquoda ehf., sem tekið var til gjaldþrotaskipta í janúar 2016 samkvæmt áðursögðu, kvað ákærði hafa verið í eigu Skajaquoda Capital LLC. Það félag sagði ákærði hafa verið í sinni eigu er atvik máls gerðust og undir sinni stjórn á því tímabili. Enginn annar hefði stýrt daglegum rekstri þess félags og það ekki haft aðra fasta starfsmenn. Tir ehf., áður AGSN ehf, sagðist ákærði hafa stýrt á árunum 2010-2013. Tir ehf. væri einnig í eigu Skajaquoda Capital LLC. Skajaquoda Group Inc. kvað ákærði enn fremur hafa verið undir sinni stjórn. Engir aðrir hefðu starfað að daglegum rekstri þess félags sem verið hefði í meiri hluta eigu ákærða, en ákærði hefði átt 60% eignarhluta í félaginu. Aðrir eignarhlutir í félaginu hefðu verið í dreifðri eignaraðild einstaklinga og lögaðila. Með vísan til þessa og gagna málsins þykir mega slá því föstu að öll framangreind félög hafi verið undir stjórn ákærða á því tímabili sem ákæra tekur til.

Aðspurður fyrir dómi kannaðist ákærði ekki við að félagið Likenia Inc. hefði verið undir hans stjórn eða í hans eigu. Einu tengsl ákærða við félagið hefðu verið að hann hefði komið að stofnun þess. Í málinu liggja fyrir gögn frá 23. maí 2011 um að það hafi verið ákærði sem skráði félagið þann dag. Ákærði hefur ekki lagt fram gögn sem sýna fram á stjórn annars eða annarra aðila á félaginu. Að því gættu þykir nægjanlega sannað að félagið hafi, líkt og öll þau félög önnur sem vikið var að hér að framan, verið undir stjórn ákærða.

Fyrir dómi bar ákærði að hann hefði fyrir hönd Skajaquoda Fund móttengið 5 milljónir króna frá AP eignum sf. 14. maí 2010 og 15 milljónir króna af eignum B og C 20. september 2011. Ákærði kannaðist einnig við að hafa, fyrir hönd Skajaquoda Fund, veitt viðtöku frá D 272.000 evrum sem greiddar hefðu verið af bankareikningi D í lettneskum banka inn á bankareikning Skajaquoda Capital LLC í Bandaríkjunum. Ákærði kannaðist hins vegar ekki við að hafa í október 2010 eða seint á því ári tekið við 10 milljónum króna í reiðufé af eignum ÞA eigna sf. Vísandi ákærði meðal annars til þess að haustið 2010 hefði hann verið búsettur á Englandi.

Hann hefði ekki verið staddur á Íslandi í október það ár.

A bar fyrir dómi að ákærði Einar hefði tekið við 30 milljónum króna alls úr hendi vitnisins. Um aðra greiðsluna sem ákærði hefði fengið, að fjárhæð 10 milljónir króna, bar vitnið að það hefði tekið þá fjármuni út af félaginu ÞA eignum sf. í banka 10. ágúst 2010 og afhent ákærða þá í reiðufé, annað hvort samdægurs eða daginn eftir að því er vitnið taldi. Hvar afhendingin fór fram kvaðst vitnið ekki muna. Í kjölfarið hefði vitnið séð koma fram hækkun „... í eign á sjóðnum hjá honum til að staðfesta það.“ C bar um greiðslur til ákærða að þau B og A hefðu greitt samtals 30 milljónir króna til ákærða. Kvaðst vitnið ávallt hafa fengið staðfestingu í tölvupósti í kjölfar innborgana þess efnis að sjóðurinn hefði hækkað. Þannig hefði það verið í því tilviki sem A hefði greitt þær 10 milljónir króna til ákærða sem ákærði neiti að hafa mótttekið, sbr. greiðsla tilgreind B) í I. kafla ákæru. B bar að þeir A hefðu fyrst látið ákærða Einar fá 5 milljónir í maí 2010. Að nokkrum tíma liðnum hefðu þeir síðan fundað með ákærða sem sýnt hefði þeim ávöxtun og annað er litið hefði vel út. Í kjölfarið hefðu þeir látið ákærða fá 10 milljónir í viðbót, líklega 10. ágúst 2010, sem teknar hefðu verið út af reikningi félags sem vitnið og A hefðu átt í sameiningu. Þá fjármuni hefði A afhent ákærða og sagði vitnið fjárhæðina hafa sést á yfirlitum eftir að ákærði fékk fjármunina í hendur. Sést hefði að samtals 15 milljónir voru komnar í sjóðinn, auk þess sem sjá hefði mátt ávöxtun af fjárfestingunni. Eftir það hefðu þeir A enn fundað með ákærða, hann upplýst þá um ávöxtun, stöðu sjóðsins o.fl. og enn hefði allt litið vel út. Í því ljósi hefði vitnið ákveðið að láta ákærða fá 15 milljónir til viðbótar. Þá fjármuni hefði vitnið einnig séð á sjóðsyfirlitum.

Með vísan til þess sem að framan er rakið liggur fyrir með framburði ákærða sjálfs, vætti A, B og C, kvittun vegna millifærslu, dags. 14. maí 2010 og móttökukvittun ákærða, dags. 20. september 2011, að 14. maí 2010 voru millifærðar 5.000.000 króna af reikningi ÞA eigna sf. inn á reikning Skajaquoda ehf. í Íslandsbanka hf. Þá móttók ákærði 10. september 2011 15.000.000 króna í reiðufé frá B og C. Að endingu er upplýst í málinu að 13. nóvember 2012 voru 273.471 evra greiddar af Allianz inn á bankareikning D hjá Rietumu banka í Lettlandi. Hinn 26. nóvember 2012 voru síðan 272.000 evrur sendar með símgreiðslu af bankareikningnum inn á bankareikning félags ákærða, Skajaquoda Capital LLC í Bandaríkjunum.

Samkvæmt framansögðu er eina greiðslan sem umdeild er greiðsla sem tilgreind er sem greiðsla B) í I. kafla ákæru að fjárhæð 10.000.000 króna. Svo sem fyrr var rakið báru A, C og B öll fyrir dómi að ákærði hefði mótttekið frá þeim samtals 30.000.000 króna. Voru A og B mjög afgerandi í sínum framburði og var á þeim að skilja að greiðsluna hefði ákærði mótttekið í reiðufé úr hendi A í ágúst 2010

og stæðu líkindi til þess að það hefði verið 10. þess mánaðar. Eins og fyrr var rakið kannaðist ákærði ekki við það fyrir dómi að hafa móttengið 10.000.000 króna í reiðufé af eignum ÞA eigna sf. í október 2010 eða seint á því ári. Af skýrslu hans fyrir lögreglu 9. júlí 2013 má hins vegar ráða að ákærði hafi þá kannast við greiðslu umræddrar fjárhæðar, þótt tímasetning þeirrar greiðslu hefði verið nokkuð á reiki. Tölvupóstur ákærða til C 20. júní 2012 bendir einnig til þess að ákærði hafi móttengið umrædda fjárhæð og þá kemur skýrlega fram í greinargerð ákærða framlagðri 1. apríl 2014 í einkamáli sem höfðað var gegn honum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, máli nr. E-4798/2013, að ákærði hafi móttengið alls 30.000.000 króna frá félögum A, B og C, AT Group Ltd. og ÞA eignum sf. Að öllu þessu töldu þykir sannað að ákærði hafi móttengið, til viðbótar áðurnefndum 20.000.000 króna, 10.000.000 króna frá A, B og C og félögum þeim tengdum. Með vísan til vættis A og B þykir verða að miða við að greiðsluna hafi A afhent ákærða í reiðufé í ágúst 2010. Í því sambandi skal tekið fram að samkvæmt 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 má sakfella ákærða í sakamáli þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind í ákæru, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna.

Málsvörn ákærða byggist að meginstefnu til á því að vanþekking á rekstri Skajaquoda Capital LLC hafi litað ákæruskjal og afstöðu saksóknara til ákæruliða. Ekki verði séð að ákærvaldið hafi kynnt sér málefni Skajaquoda Fund svo nokkru nemi. Skajaquoda Capital LLC hafi stofnað sjóði, sem nefnist Fund, Fund 2 og EURISK Fund. Eftir stofnun Fund 2 hafi fyrri Fund sjóðurinn verið einkenndur með tölunni 1. Þær einingar sem starfræktar hafi verið undir Skajaquoda Capital LLC hafi verið reknar sjálfstætt og haft sjálfstæða fjárfestingarstefnu. Ein slíkra eininga sé Skajaquoda Fund og hafi ákærði lagt fram staðfestingu bandarískra skattyfirvalda á kennitölu sjóðsins, til sönnunar á tilvist hans, auk afrits af ákvörðun sjóðstjóra Skajaquoda Capital LLC um stofnun Skajaquoda Fund. Á þessum grunni hefur ákærði sagt rangt að ekki sé til staðar fjárfestingarsjóður með heitinu Skajaquoda Fund, svo sem ákærvaldið heldur fram í málinu.

Af framlögðum gögnum og framburði ákærða og þeirra aðila er honum lögðu til fé samkvæmt framansögðu þykir mega ráða að ekki hafi verið gerður eiginlegur skriflegur samningur vegna hinna ætluðu fjárfestinga. Hins vegar liggja fyrir ítarleg skráningareyðublöð sem auðkennd eru fjárfestingarsjóði á vegum Skajaquoda Capital LLC. Flest þeirra gagna eru hins vegar óútfyllt og óundirrituð. Þó má finna einstaka útfyllt skráningareyðublöð í tengslum við ætlaða fjárfestingu umræddra aðila. Upplýsingar á þeim blöðum lúta að skráningaraðila og umfangi skráningar í fjárhæðum eða sjóðshlutum. eru þær upplýsingar í samræmi við önnur gögn og framburði í málinu um ætlaða fjárfestingu aðilanna í Skajaquoda Fund.

Að mati dómsins hefur framburður ákærða, bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi, verið mjög óljós varðandi meintan sjóðsrekstur hans eða félaga á hans vegum. Hefur ákærði engar haldbærar upplýsingar getað gefið um starfsemi meints sjóðs, þ.m.t. um helstu fjárfestingar sjóðsins, stærð hans, hverjir hafi fjárfest í sjóðnum og hversu margir þeir hafi verið. Þau gögn sem fram hafa komið um umsvif ákærða í Bandaríkjunum bera að mati dómsins ekki með sér að á hans vegum hafi þar verið eiginleg starfsemi. Þá kemur fram í fyrirbyggjandi gögnum er varða félög ákærða, það sem ákærði staðfesti í skýrslu sinni fyrir dómi, að þau hafi aðeins haft einn starfsmann, ákærða sjálfan. Er þessi skortur á gögnum og upplýsingum hrópanði í ljósi þess sem að framan segir um meginþungann í vörnum ákærða, þ.e. að rannsókn málsins hafi í raun ekki beinst í rétta átt, að réttum félögum. Verður ekki annað séð en ákærða hefði verið í lófa lagið, væru fullyrðingar hans um sjóðsreksturinn réttar, að framvísa einhverjum haldbærum gögnum um þann rekstur. Það hefur ákærði hins vegar ekki gert. Að því gættu þykir dómnum mega slá því föstu, án nánari reifunar á gögnum málsins, að ákærvaldið hafi fært nægjanlega á það sönnur, svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, að í reynd hafi ekki verið starfræktur sjóður með nafninu Skajaquoda Fund í Bandaríkjunum af ákærða eða þarlendum félögum hans á því tímabili sem ákæra málsins tekur til.

Í framburði A, B og B fyrir dómi kemur fram hvernig ákærði vakti villu þeirra um tilvist og eðli sjóðsins Skajaquoda Fund. Kemur skýrlega fram hjá vitnunum að ákærði hafi kynnt þeim sjóðinn sem mjög öruggan og ábatasaman fjárfestingarkost og þannig fengið þau til þess að afhenda honum þá fjármuni sem að framan greinir. Þessari villu þeirra viðhélt ákærði síðan með ýmsum hætti eftir að þau tóku að afhenda honum fjármuni. Samkvæmt því sem fram kom hjá vitnunum fyrir dómi er ekkert þeirra sérfrótt um fjármálastarfsemi og verðbréfavíðskipti. Þá hafa þau enga menntun eða eiginlega reynslu á því sviði og kváðust þau hafa leitað til ákærða í þeirri trú að hann starfaði og væri sérfræðingur á umræddu sviði

Í málinu liggja frammi fjölmörg gögn um skrifleg samskipti ákærða og A, C og B frá miðju ári 2010 til ársloka 2012 varðandi ætlaða fjárfestingu þeirra. Skjöl þessi bera með sér ítrekaða upplýsingagjöf ákærða til vitnanna um meintan sjóð og ætlaða fjárfestingu, allt á jákvæðum nótum. Þeim bærust enn fremur svokölluð fréttabréf sem stíluð voru á sjóðsfélaga sem höfðu að geyma umfjöllun um hinn meinta sjóð og starfsemi hans. Þá bera framlögð tölvupóstsamskipti vitnanna við ákærða eftir að A óskaði eftir því að innleysa fjármuni úr hinum meinta sjóði að ákærði hafi eftir það haldið áfram blekkingum sínum gagnvart vitnunum varðandi ætlaða fjárfestingu þeirra. Að endingu hafi í svokölluðu fréttabréfi í desember 2012

komið fram að tekin hefði verið ákvörðun um að loka og leysa upp Skajaquoda Fund og að sjóðsfélagar fengju skráð bréf í Skajaquoda Group Inc. inn á verðbréfareikning í sínu nafni í samræmi við eignarhald sitt í sjóðnum.

Hér að framan var því slegið föstu að föstu að í reynd hafi ekki verið starfræktur sjóður með nafninu Skajaquoda Fund í Bandaríkjunum af ákærða eða þarlendum félögum hans á því tímabili sem ákæra málsins tekur til. Í kafla C.1 hér að framan er lýst eftirgrennslan rannsóknaraðila varðandi það hvað varð af fjármunum A, B og C. Við rannsókn málsins tókst ekki að upplýsa það, svo sem þar er nánar lýst. Í vörnum ákærða er hins vegar vísað til þess að fjármunirnir hafi að einhverju leyti farið inn á viðskiptareikning Skajaquoda Capital LLC í verðbréfafyrirtækinu EM Trade Swiss Ltd. og einnig til fjárfestingar í gulli. Fyrir dómi kvað ákærði aðspurður EM Trade Swiss Ltd. vera „eitthvað fjárfestingar kompaní sem var fjárfest í.“ Ákærði sagðist ekki hafa tengst félaginu og ekkert þekkja til skráðs stjórnanda þess. F sagði ákærði aðspurður vera lögfræðing í Þýskalandi sem haft hefði milligöngu um þessi viðskipti en ekkert tengjast starfsemi ákærða. Spurður um þá fjárfestingu sem tengdist því að leggja fjárhæð inn á fjárvörslureikning EM Trace Swiss í Þýskalandi svaraði ákærði: „Það voru einhver gjaldeyrisviðskipti og annað.“ Spurður um hvað orðið hefði um umrædda fjármuni svaraði ákærði: „Þeir eru bara óhreyfðir í dag. Þeir hafa ekkert verið hreyfðir ... Þeir eru væntanlega bara enn þar sem þeir voru, þangað sem ég sendi þá.“ Þá kvað ákærði aupay.net vera leið til þess að fjárfesta í gulli. Hann sagðist ekkert tengjast þeirri vefsíðu og ekkert þekkja til eigenda hennar eða rekstraraðila. Þá ráðstöfun á fjármunum á nefndri síðu sem um ræddi í málinu sagði ákærði hafa verið fjárfestingu gerða í tengslum við sjóðsrekstur ákærða.

Að mati dómsins eru framangreindar skýringar ákærða, líkt og allur framburður hans í málinu, óskýrar og þokukenndar. Ekki verður séð að þessar skýringar á því hvar fjármunir A, C og B séu nú niður komnir hafi komið fram á fyrri stigum málsins. Í ljósi þess að vitnin hafa enn ekkert fengið til baka af umræddum 30.000.000 króna sætir nokkurri furðu að ákærði hafi ekki á þeim langa tíma sem liðinn er frá því mál þetta kom upp veitt atbeina sinn til þess að nálgast þá fjármuni vitnanna sem hann nú vísar til samkvæmt framansögðu. Að því athuguðu og með vísan til annars framangreinds er það mat dómsins að ekkert hald sé í þessum skýringum ákærða.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið telur dómurinn fram komna lögfulla sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um fjársvik með því að hafa frá og með vori 2010 og áfram á árunum 2011 og 2012 vakið og styrkt þá röngu hugmynd hjá A og B, eigendum ÞA eigna sf., og C að ákærði starfrækti fjárfestingasjóð í Bandaríkjunum undir heitinu Skajaquoda Fund eða sambærilegu heiti. Sú háttsemi

ákærða varð til þess að þau greiddu til ákærða og félagsins Skajaquoda ehf., sem ákærði þá stýrði, samtals 30.000.000 króna í þeirri trú að þeir fjármunir rynnu til fjárfestinga í slíkum sjóði. Fénu ráðstafaði ákærði síðan í eigin þágu eða annars með þeim hætti að ekki tengdist eða gat samrýmst þeim fjárfestingum sem hann hafði kynnt B og C. Fyrir liggur að þau hafa ekkert endurheimt af umræddum fjármunum. Með háttsemi sinni hafði ákærði af þeim fé með blekkingum. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið I og varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hvað ákærkafla II varðar liggur fyrir að 19. desember 2009 sendi ákærði D tölvupóst sem þar sem fram kom að nafngreindur maður hefði bedið ákærða um að senda D „smá upplýsingar um SKAJAQUODA sjóðinn“. Í tölvupóstinum og yfirliti um sjóðinn í viðhengi var síðan að finna upplýsingar frá ákærða um sjóðinn þar sem vísað var til tveggja ára starfrækslutíma og mjög góðrar ávöxtunar. Þannig kom meðal annars fram að tap hefði ekki orðið í neinum mánuði á tímabilinu og að samanlögð ávöxtun næmi 75,05. Í málinu liggur einnig frammi tölvupóstur frá ákærða til D frá 11. október 2010. Í honum bendir ákærði á umfjöllun bandaríska fréttaskýringarþáttarins 60 mínútna um svonefnd hátíðniviðskipti. Er í tölvupóstinum staðhæft að þetta sé aðferð sem sjóðurinn hans beiti núna. Einnig segir: „Eins og þú sérð í þættinum þá er um að gera að stökkva á þetta tækifæri af öllu afli á meðan það er í boði.“ Með þessum tölvupósti fylgdi í viðhengi yfirlit um árangur sjóðsins, sambærilegt hinu fyrra þar sem fram kom 12,72% ávöxtun á þriggja mánaða tímabili.

Fyrir dómi bar D um samskipti sín við ákærða að haustið 2009 hefði hann fengið kynningu á ákærða frá kunningja sínum, E rafvirkja. E hefði lýst ákærða sem mjög öruggum aðila sem væri með fjárfestingarfélag á sínum vegum í Ameríku. D sagðist síðan eitthvað hafa heyrt í ákærða árin 2010 og 2011 og hefði ákærði lagt áherslu á það að ávöxtun í sjóðnum væri góð og að sjóðurinn væri mjög öruggur. Fram kom hjá D að hann hefði ekkert þekkt til fjármálastarfsemi og verðbréfavíðskipta á þeim tíma sem atvik máls gerðust og enga menntun eða reynslu hafa á því sviði. Hann hefði leitað til ákærða sem sérfræðings á umræddu sviði.

D kvaðst hafa heyrt nokkrum sinnum í ákærða og ákærði jafnframt komið á fund hans einu sinni eða tvisvar sumarið 2012. Þá hefðu fjármunir sem D hefði átt á lífeyrissparnaðarreikningi hjá Allianz, og losna hefðu átt í nóvember 2012 komnir inn í umræðuna. Í kafla B.2 hér að framan er rakinn framburður D um það hvernig það atvikaðist að hann ákvað að fjárfesta í þeim sjóði sem ákærði kynnti fyrir honum. Lýsti D því að ákærði hefði verið leiðandi og í stóru hlutverki við það að taka við fjármunum og koma þeim inn á bankareikning félags ákærða,

Skajaquoda Capital LLC í Bandaríkjunum, með viðkomu á reikningi D í Rietumu Banka í Lettlandi. Á framlögðu reikningsyfirliti má sjá að greiðslan frá Allianz barst 13. nóvember 2012 að fjárhæð 273.471 evra. Þá sýnir yfirlitið jafnframt að 26. nóvember 2012 voru 272.000 evrur sendar með símgreiðslu af bankareikningnum og inn á bankareikning félagsins Skajaquoda Capital LLC. Af gögnum málsins má ráða að umræddum fjármunum hafi síðan verið ráðstafað til að fjármagna þátttöku þess félags í fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands á næstu mánuðum þar á eftir.

Um áramótin 2012-13 barst D áður nefnt svokallað fréttabréf sem stílað var á sjóðsfélaga þar sem meðal annars var greint frá lokun Skajaquoda-sjóðsins. Í vitnaskýrslu D fyrir dómi kom fram að í mars 2013 hefði hann farið inn á heimasíðu Skajaquoda-sjóðsins á sínu lykilorði og þá séð að fjármunir hans voru horfnir út úr sjóðnum. Ákærði hefði gefið honum þær skýringar að peningarnir hefðu verið teknir til hliðar í sjóðnum. Þeir yrðu þar sér stærð ef til þess kæmi að fjármunir vitnisins yrðu fluttir heim í gegnum fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands. Í lok júlí eða byrjun ágúst 2013 hefði D haft veður af máli þessu og sett sig í samband við ákærða. Hann hefði sagt D að vera alveg rólegur, um einn allsherjar misskilning væri að ræða. Skömmu síðar hefði ákærði upplýst D um að hann væri á leið utan til Bandaríkjanna og að þar myndi hann losa um einhverja skuldabréfasamninga. Hann væri með næga fjármuni ytra til þess að gera upp við D. Ekkert hefði hins vegar gerst í framhaldinu. Fram til 1. október 2013 sagðist D ítrekað hafa reynt að hafa uppi á ákærða og ná við hann sambandi en mætt algeru fálæti. Hann hefði þá áttað sig á því að ákærði var farinn að forðast hann. Í desember 2013 hefði D loks náð sambandi við ákærða og þá fengið sama svar og áður og ákærði sagst að það gæti tekið um hálfan mánuð að losa peninga úti og gera upp við hann. Af því hefði ekki orðið og hefði D enn ekki fengið sína fjármuni til baka.

Samkvæmt framansögðu hefur dómurinn slegið því föstu að í reynd hafi ekki verið starfræktur sjóður með nafninu Skajaquoda Fund í Bandaríkjunum af ákærða eða þarlendum félögum hans á því tímabili sem ákæra málsins tekur til. Fyrir liggur að

D hefur ekki endurheimt þá fjármuni sem hann fól ákærða samkvæmt framansögðu til ávöxtunar. Af gögnum málsins virðist mega ráða að þeir fjármunir séu hluti þeirra fjármuna sem haldlagðir voru með bréfi embættis sérstaks saksóknara til Íslandsbanka hf. 10. júlí 2013 á bankareikningi Skajaquoda ehf. nr. [...] og eru andlag upptökukröfu ákæruvalds í málinu, sbr. V. kafla ákæru.

Með vísan til alls þess sem að framan er rakið telur dómurinn fram komna lögfulla sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um fjársvik með því að hafa frá því

síðla árs 2009 og fram á árið 2013 vakið og styrkt þá röngu hugmynd hjá D að ákærði starfrækti fjárfestingasjóð í Bandaríkjunum undir heitinu Skajaquoda Fund eða sambærilegu heiti sem orðið hafi til þess að brotaþoli lét 26. nóvember 2012 símgreiða 272.000 evrur, þá jafnvirði 44.336.000 íslenskra króna, af bankareikningi sínum hjá AS Rietumu Banka í Lettlandi bankareikning bandarísks félags ákærða, Skajaquoda Capital LLC, nr. 524677001 í þeirri trú að þeir fjármunir rynnu til fjárfestinga í slíkum sjóði. Fénu ráðstafaði ákærði síðan í eigin þágu eða annars með þeim hætti að ekki tengdist eða gat samrýmst þeirri fjárfestingu sem hann hafði kynnt D. Fyrir liggur að hann hefur ekkert endurheimt af umræddum fjármunum. Með háttsemi sinni hafði ákærði af D fé með blekkingum. Samkvæmt þessu verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið II og varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærukafla III:

Í 2. mgr. 13. gr. b. laga nr. 87/1992 er á um það kveðið að allar fjármagnshreyfingar samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins milli landa í erlendum gjaldeyri séu óheimilar nema um sé að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega séu undanþegnar í lögunum. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. c. er innlendum aðila óheimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi þegar greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri nema hann sýni fram á að féð sé til notkunar í vöru- og þjónustuviðskiptum eða vegna fjármagnshreyfinga sem tilgreindar eru nánar í ákvæðinu sem hugsanlegar undantekningar.

Fyrir dómi kom fram hjá ákærða að hann hefði verið með aðgang að netbönkum þeirra íslensku félaga sem vísað er til í III. kafla ákæru. Kvaðst ákærði ekki viss um hvort einhver annar hefði haft aðgang að netbönkum félaganna og haft heimild til þess að framkvæma millifærslur af reikningum þeirra. Flestar þeirra millifærslna sem vísað væri til í III. kafla ákæru sagði ákærði hafa verið vegna lánaviðskipta innan samstæðu. Kvað ákærði mögulegt að hann hefði framkvæmt þessar millifærslur. Skilja bæri skýringar vegna flestra símgreiðslanna, 14 af 18, um að þær væru vegna greiðslu á reikningi, svo að um væri að ræða greiðslu á reikningi fyrir greiðslu á viðkomandi láni. Tilvik það sem um ræði í IV. kafla ákæru, tilvik 17, sagði ákærði annaðhvort hafa varðað lánaviðskipti eða önnur viðskipti innan samstæðu. Spurður út í símgreiðslu, sem reynt hefði verið að framkvæma 28. maí 2013 en felld hefði verið niður degi síðar, kvaðst ákærði ekki muna sérstaklega eftir því að hafa reynt að framkvæma símgreiðsluna. Nánar aðspurður sagði ákærði ólíklegt að öðrum en honum væri til að dreifa í því sambandi. Spurður um fyrir hvað reikningur, dagsettur 1. maí 2013, útgefinn af Skajaquoda Capital LLC til Skajaquoda ehf., sem gögn málsins bæru með sér að

ákærði hefði sent starfsmanni Íslandsbanka hf. 29. maí 2013, hefði verið kvaðst ákærði ekki vera viss. „Þetta er tengt einhverjum viðskiptum þarna innan samstæðunnar. ... Það getur vel verið að þetta sé lánaendurgreiðsla. Ég er bara ekki klár á því, eða lán eða endurgreiðsla, ég er bara ekki með það.“ Gat ákærði ekki svarað því með vissu hver útbúið hefði reikninginn en taldi að það hefði „bókhaldsfyrirtækið“ gert.

Meðal málgagna eru gögn frá Íslandsbanka hf. um allar þær símgreiðslur og gjalddeyrisviðskipti sem ákæruliður III tekur til. Þau gögn sýna að í flestum hinna 18 tilvika, þ.e. öllum tilvikum nema 6, 12, 14 og 17, var tilgreind skýring til viðtakanda greiðslunnar „Payment of invoice“, eða greiðsla á reikningi. Í engu þessara tilvika liggja hins vegar fyrir afrit reikninga sem slíkar tilvísanir gætu tengst. Í hinum fjórum tilvikunum var skýring til viðtakanda sú að greiðslan skyldi berast Skajaquoda Capital LLC. Hið síðastnefnda af þeim tilvikum, tilvik nr. 17, er eina tilvikið þar sem fyrir liggur afrit af reikningi, svo sem nánar verður vikið að síðar.

Í málinu hafa einnig verið lögð fram gögn, sem frá Íslandsbanka hf. stafa, um að umræddar greiðslur hafi verið framkvæmdar í gegnum netbanka fyrir viðkomandi bankareikninga Skajaquoda ehf. og AGSN ehf. undir aðgangsauðkennum sem ákærði fór með. Á það við um allar greiðslurnar nema áðurnefnt tilvik nr. 17. Í gögnum málsins liggur ekki annað fyrir en ákærði hafi einn notað slík netbankauðkenni fyrir bankareikninga félaganna. Sú niðurstaða er að mati dómsins í samræmi við framburð ákærða sjálfs fyrir dómi, svo langt sem óljós framburður hans nær.

Málsvörn ákærða hvað sakargiftir samkvæmt ákærukafla III varðar byggist meðal annars á því að umræddar millifærslur hafi verið heimilar þar sem um millifærslur frá dótturfélagi til móðurfélags hafi verið að ræða í alls átta tilvikum, í fjórum tilvikanna hafi millifærslur átt sér stað á milli félaga innan sömu félagasamstæðunnar og þær millifærslur sem eftir standi hafi verið greiðslur Skajaquoda ehf. til ákærða sem hluthafa í samstæðunni. Enn fremur vísar ákærði til þess að frá upphafi fjármagnshaftanna hafi verið að finna almenna heimild fyrir því að fjármunir gætu flætt frá einni einingu innan samstæðu til annarrar í formi lána. Að því marki sem fjármunir, sem flætt hafi innan samstæðu, hafi ekki verið til komnir vegna vöru- og þjónustuviðskipta, hafi þannig alltaf verið unnt að flytja fjármunina frá einni einingu til annarrar með veitingu láns, sbr. 13. gr. g. laga nr. 87/1992.

Sú málsvörn ákærða sem hér hefur verið rakin er engum haldbærum gögnum studd. Í gögnum málsins er ekkert það að finna sem er því til stuðnings að ákærði sjálfur eða þau innlendu félög hans sem hér um ræðir hafi átt í vöru- eða

þjónustuviðskiptum við ákærða sjálfan í útlöndum eða bandarísk félög hans, sbr. t.d. skattframtöl ákærða og innlendra félaga hans á því tímabili sem um ræðir. Þá verður ekki ráðið af framlögðum gögnum að hin erlendu félög hafi haft með höndum slíka starfsemi sem falið hefði getað í sér vöru- eða þjónustuviðskipti við ákærða eða félög hans hér á landi. Enn fremur liggur fyrir staðfesting embættis Tollstjóra á því að enginn innflutningur á tímabilinu 2011 til 2014 hafi verið skráður í kerfi embættis á hin tvö innlendu félög ákærða sem hér koma við sögu.

Samkvæmt öllu framansögðu og að gögnum málsins virtum telur dómurinn nægjanlega í ljós leitt að engir raunverulegir reikningar hafi legið til grundvallar umræddum fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum, framkvæmdum af ákærða, og þau hafi að öðru leyti ekki tengst vöru- eða þjónustuviðskiptum hans eða íslenskra félaga hans við viðtakendur greiðslanna. Að þeim reikningi undanskildum sem tengist títtnefndu tilviki nr. 17 liggja engin reikningsafrit fyrir í málinu tengd þessum símgreiðslum ákærða. Hvað það tilvik varðar liggur að mati dómsins fyrir að ákærði framvísað fyrst reikningi til Íslandsbanka hf. eftir að bankinn hafði felld niður símgreiðslu sömu fjárhæðar sem ákærði hafði reynt að framkvæma deginum áður. Svo sem áður var rakið hefur ákærði engar haldbærar skýringar getað gefið á tilurð reikningsins og viðskiptum að baki honum. Telur dómurinn því mega slá því föstu að reikningurinn hafi verið tilhæfulaus og gefin út til þess eins að framkvæma umrædda greiðslu.

Samkvæmt öllu framansögðu þykir sannað svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008, ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærkafla III og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða. Getur vísun ákærða til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár, sbr. lög nr. 33/1944, og sjónarmiða varðandi réttláta málsmeðferð fyrir dómi, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og sá málatilbúnaður sem á þeim ákvæðum byggist engu um þá niðurstöðu breytt.

Ákærkafla IV:

Í IV. kafla ákæru er ákærða Einari gefið að sök skjalafals með því að hafa 29. maí 2013 notað falsað skjal í lögskiptum til þess að blekkja starfsmenn Íslandsbanka hf. til að heimila honum að skipta 4.804.800 krónum af innstæðu á bankareikningi Skajaquoda ehf. nr. 537-26-2246 hjá bankanum í 30.000 evrur og senda þá fjárhæð með símgreiðslu til Bandaríkjanna inn á bankareikning þarlands félags ákærða Skajaquoda Capital LLC, sbr. 17. tölulið í töflu í III. kafla ákæru.

Skjal það sem ákæruvaldið kveður falsað er afrit reiknings sem ber með sér að vera gefinn út af Skajaquoda Capital LLC til Skajaquoda ehf. Reikningurinn er dagsettur 1. maí 2013 og að fjárhæð 30.000 evrur, með lýsingunni „SXW3554

Service Access for February to April“. Fyrir liggur að ákærði hafði heimild til þess að gefa út reikninga fyrir hönd Skajaquoda Capital LLC. Engu breytir hér þótt dómurinn telji samkvæmt framansögðu, sbr. niðurstöðu dómsins varðandi ákærkafla III hér að framan, að útgáfa skjalsins hafi verið tilhæfulaus. Var umrædd háttsemi ákærða liður í brotum hans gegn lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál en að því virtu sem hér hefur verið rakið verður hins vegar ekki talið að með útgáfu hins tilhæfulausa reiknings hafi hann gerst sekur um brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði verður því sýknaður af þeim sakargiftum.

E

1

Kröfuhafinn A vísar til þess að hefði meðferð bótakröfu hans valdið töfum eða óhagræði við rekstur málsins, sem meðferð hennar hafi alls ekki gert, hefði það aldrei getað leitt til frávísunar kröfunnar heldur til þess að krafan hefði verið skilin frá sakamálinu og henni vikið til meðferðar fyrir dómi í sérstöku einkamáli, sbr. 175. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Krafa ákærða Einars um frávísun bótakröfunnar á þeim grunni sé því haldlaus með öllu.

Þá mótmælir kröfuhafi A þeirri fullyrðingu ákærða að kröfuhafi hafi ekki verið heimilt að endurbæta bótakröfu sína meðan á rannsókn málsins stóð. Lögstandi því ekki í vegi og honum hafi verið það fyllilega heimilt, svo sem ráða megi af ákvæði 173. gr. laga nr. 88/2008.

Kröfuhafi A tekur fram að hann hafi leyst til sín frá C og B öll réttindi og kröfur þeirra gegnum félögin ÞA eignir sf. og AT Group Ltd. á hendur ákærða vegna brota hans, sbr. tvo skriflega samninga um framsalið, dagsetta 10. janúar 2013. Framsalið hafi verið fyllilega lögmætt og heimilt. Þá geti gögn sem frá ákærða stafa og Skajaquoda-sjóðnum tengjast ekki leitt til frávísunar hinna framseldu krafna, enda gildi þeirra skjala ekkert í ljósi sakfellingar ákærða Einars samkvæmt ákærkafla I. Tekur kröfuhafi sérstaklega fram í þessu sambandi að krafa hans sé krafa um skaðabætur utan samninga. Samkvæmt þessu og öðru framangreindu beri dómnum að hafna frávísunarkröfu ákærða.

Kröfuhafi A kveðst reisa bótakröfu sína á því að ákærði Einar hafi verið í vondri trú þegar hann tók við greiðslum þeim sem I. kafli ákæru greinir. Aldrei hafi staðið til að starfrækja raunverulegan verðbréfasjóð eða endurgreiða fjárfestum þá fjármuni sem þeir hafi lagt til. Ákærði hafi beitt ólögmætum blekkingum, bæði þegar hann hafi tekið við umræddum fjármunum og einnig þegar hann hafi gefið kröfuhafa og öðrum fjárfestum rangar og villandi upplýsingar um hinn meinta verðbréfasjóð Skajaquoda og eignir þess sjóðs. Ákærði hafi tekið við fjármunum sem honum hafi ekki verið heimilt að taka við til ávöxtunar. Hann hafi jafnframt haldið því fram að hinn meinti sjóður væri tugmilljarða króna virði án þess að

nokkur staðfesting lægi fyrir um viðskipti eða fjárhagsgögn um sjóðinn. Í ljósi atvika máls þurfi í raun ekki að fjölyrða um hversu grófar og augljósar blekkingar ákærða hafi verið.

Kröfuhafi segir bótakröfu sína reista á því að ákærði hafi mótttekið þrjár greiðslur, að fjárhæð 5.000.000 króna, 10.000.000 króna og 15.000.000 króna, eða samtals 30.000.000 króna. Í málinu hafi verið færðar sönnur á móttöku ákærða á öllum þessum fjármunum.

Ljóst sé að ákærði hafi gerst sekur um brot á ákvæði 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með brotum sínum hafi hann bakað sér bótaskyldu gagnvart kröfuhafa á öllu því tjóni sem hann hafi valdið og rekja megi til hinnar ólögmatu háttsemi. Bótakrafa kröfuhafa sé reist á almennum reglum skaðabótaréttarins og almennu sakarreglunni.

Kröfu um vexti- og dráttarvexti af bótakröfunni segir kröfuhafi vera í samræmi við 8. og 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Upphafstími dráttarvaxta sé við það miðaður að 21. febrúar 2013 hafi verið liðinn mánuður frá því að lögmaður kröfuhafa krafðist endurgreiðslu.

Þá kveðst kröfuhafi krefjast þess sérstaklega að andvirði upptækra fjármuna í málinu verði nýtt til greiðslu skaðabóta kröfuhafa, sbr. ákvæði 69. gr. e. og eftir atvikum 69. gr. og 69. gr. a-d. laga nr. 19/1940. Dugi hinir haldlögðu fjármunir ekki til greiðslu bótakrafna beggja kröfuhafa í málinu krefjist kröfuhafi A þess að þeim verði varið til greiðslu krafanna í hlutfalli við fjárhæð þeirra.

2

Kröfuhafi D mótmælir þeim málatilbúnaði ákærða að krafa hans sé vanreifuð. Krafan sé nægjanlega reifuð og skýr. Engin efni séu því til þess að vísa kröfunni frá dómi

Af hálfu kröfuhafa D er til þess vísað að krafa hans sé reist á fjársvikum ákærða Einars sem beinst hafi að kröfuhafanum. Í kjölfar loforða ákærða um ávöxtun fjármuna kröfuhafa hafi hann lagt 270.000 evrur inn á reikning félagsins Skajaquoda Capital LLC 26. nóvember 2012. Hvorki ákærði né nefnt félag hafi ávaxtað fjármunina með þeim hætti sem ákærði hafi sagst ætla að gera heldur virðist sem hann hafi notað þá í allt öðru skyni, sbr. II. kafla ákæru.

Kröfuhafi kveðst ítrekað hafa krafid ákærða um upplýsingar um stöðu mála en kröfuhafa í raun ekki orðið ljóst hvað raunverulega hafði gerst fyrr en hann sjálfur var boðaður í skýrslutöku vegna máls þessa í desember 2014.

Með vísan til XXVI. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála kveðst kröfuhafi krefjast þess að ákærði verði dæmdur til þess að greiða honum skaðabætur vegna fjársvikanna. Einnig sé krafist málskostnaðar úr hendi ákærða að fjárhæð 185.000 krónur, sbr. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og ákvæði

laga nr. 88/2008, meðal annars 3. mgr. 176. gr. þeirra laga. Þá sé krafist dráttarvaxta frá þeim tíma þegar mánuður hafi verið liðinn frá því að krafa kröfuhafa var kynnt ákærða, sbr. IV. kafla laga nr. 38/2001, sbr. 9. gr. laganna.

Að lokum kveðst kröfuhafi krefjast þess að ákveðið verði í dómi að þeir haldlögðu fjármunir sem ákærvaldið geri kröfu um upptöku á verði nýttir til greiðslu á skaðabótakröfu kröfuhafa, sbr. 69. gr. e. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Kröfuhafi heldur því fram að þeir fjármunir sem haldlagðir hafi verið stafi frá honum í raun. Því sé eðlilegt að andvirði upptekinna fjármuna, fallist dómurinn á kröfu ákærvaldsins þess efnis, verði fyrst ráðstafað til greiðslu á skaðabótakröfu kröfuhafa D.

3

Ákærði Einar krefst þess aðallega að einkaréttarkröfum A og D verði vísað frá dómi. Vísar ákærði til þess að krafa A, dagsett 13. janúar 2014, hafi ekki verið borin undir hann. Fyrir liggja skýrsla saksóknara þar sem fram komi að embættið hafi ekki tekið við kröfugerð A fyrr en 25. ágúst 2015. Síðar hafi önnur bótakrafa verið lögð fram fyrir hönd A. Ekki sé um að ræða sömu kröfugerð og í fyrri greinargerð. Ákærði segir enga lagaheimild vera til staðar fyrir kröfuhafa til að skila seinni tíma viðbót og uppfæra þannig fyrri kröfugerð sína, sér í lagi þegar upphafleg kröfugerð hafi ekki verið borin undir ákærða, svo sem beri að gera samkvæmt 4. mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Vegna þessara veigamiklu annmarka beri að vísa bótakröfunni frá dómi.

Ofangreindu til viðbótar vísar ákærði til þess að það fái ekki staðist að A njóti aðildar í málinu á grundvelli kröfugerðar hans. Svo sem ráða megi af gögnum málsins hafi greiðsla sem innt hafi verið af hendi 20. september 2011 ekki verið eign A. Um hafi verið að ræða fjármuni í eigu ÞA eigna sf. og AT Grop Ltd. Eins og fram komi í inngangsorðum skráningarlýsingar fyrir Skajaquoda Fund sé með öllu óheimilt að selja eða framselja réttindi sem fylgi þeirri fjárfestingu sem ráðist hafi verið í á grundvelli skráningarlýsingarinnar, nema að fengnu samþykki sjóðstjóra. Fyrir liggja að A reki rétt sinn til framlagðra framsalsskjala en augljóst sé að framsalsskjöl þessi séu ógild með öllu, enda hafi framsali réttinda ekki verið hagað í samræmi við áskilnað. Því geti A aldrei hafa eignast þær kröfur sem hann geri í málinu.

Hvað kröfu D varði telji ákærði með vísan til þeirra sjónarmiða er fram komi í 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. c-lið 2 mgr. 173. gr. laga nr. 88/2008, að vísa verði kröfunni frá dómi vegna vanreifunar. Verulega skorti á að krafan sé þannig úr garði gerð að ákærði geti með góðu móti tekið til varna, enda málið verulega vanreifað af hálfu kröfuhafa.

Verði ekki fallist á kröfu ákærða um frávísun bótakrafna krefjist hann sýknu af kröfunum. Röksemdir ákærða fyrir sýknu byggist að mestu á sömu sjónarmiðum og kröfur hans um sýknu af refsikröfu samkvæmt framansögðu.

4

Telji dómari að meðferð bótafröfu geti valdið töfum eða óhagræði við rekstur sakamáls getur hann ákveðið að skilja kröfuna frá öðrum þáttum málsins og víkja henni til meðferðar fyrir dómi í sérstöku einkamáli, sbr. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Að mati dómara voru aðstæður í máli þessu ekki slíkar að ástæða væri til að beita tilvitnaðri heimild. Allt að einu er ljóst samkvæmt framansögðu að kröfum kröfuhafa varð aldrei vísað frá dómi á þeim grunni sem hér um ræðir.

Lög stóðu því ekki í vegi að kröfuhafinn A legði fram endurbætta bótafröfu fyrir útgáfu ákæru. Þá getur það ekki leitt til frávísunar kröfu hans þótt hún hafi ekki verið kynnt ákærða í endanlegri mynd fyrir útgáfu ákæru, sbr. ákvæði 173. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt 1. mgr. 172. gr. laga nr. 88/2008 getur brotþoli og hver sá annar sem telur sig hafa öðlast kröfu að einkarétti á hendur sakborningi vegna refsiverðrar háttsemi hans leitað dóms um hana í sakamáli eftir því sem nánar er ákveðið í XXVI. kafla laganna. Fyrir liggur að kröfuhafi A leysti til sín frá C og B öll réttindi og kröfur þeirra gegnum félögin ÞA eignir sf. og AT Group Ltd. á hendur ákærða vegna atvika málsins, sbr. tvo framsalssamninga frá 10. janúar 2013. Lög stóðu þessu framsali ekki í vegi og verður ekki annað séð en kröfuhafi A hafi haft heimild samkvæmt tilvitnaðri 1. mgr. 172. gr. til þess að leita dóms um kröfuna í heild í málinu. Þá geta gögn sem frá ákærða stafa og tengjast Skajaquoda Fund ekki leitt til frávísunar hinna framseldu krafna, enda gildi skjalanna ekkert í því samhengi sem hér um ræðir, auk þess sem um skaðabótafröfu utan samninga er að ræða.

Í rökstuðningi fyrir bótafröfu kröfuhafa D er málsatvikum lýst með knöppum hætti. Þar kemur fram að um skaðabótafröfu sé að ræða sem sett sé fram vegna fjártjóns sem kröfuhafi hafi orðið fyrir vegna fjársvika ákærða. Enn fremur er vísað til XXVI. kafla laga nr. 88/2008 um heimild til þess að setja kröfuna fram í þessu máli og þá er um málskostnað sérstaklega vísað til 3. mgr. 176. gr. sömu laga. Að þessu gættu þykir dómnum krafan nægjanlega reifuð svo á hana verði lagður dómur.

Samkvæmt öllu framangreindu verður hafnað kröfu ákærða um frávísun bótakrafna.

Svo sem fram kemur í kafla D hér að framan hefur dómurinn slegið því föstu að ákærði hafi brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinni

refsiverðu háttsemi hafði ákærði fé af kröfuhöfum, og eftir atvikum þeim sem þeir leiða rétt sinn frá, og hefur ákærði bakað sér bótaábyrgð gagnvart þeim vegna þess tjóns sem af brotum hans leiddi, sbr. ákærukafla I og II.

Eins og áður var rakið telur dómurinn sannað að ákærði hafi haft 30.000.000 króna af A, C og B, en bótakrafan vegna þess tjóns er nú alfarið á hendi A samkvæmt framansögðu. Verður ákærði því dæmdur til þess að greiða A þá fjárhæð ásamt umkröfðum vöxtum og dráttarvöxtum svo sem nánar greinir í dómsorði, auk málskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn einnig sannað að ákærði hafi haft 270.000 evrur, jafnvirði 40.756.000 króna þegar krafa kröfuhafa var sett fram, af kröfuhafa D. Verður ákærði því dæmdur til þess að greiða D þá fjárhæð ásamt umkröfðum vöxtum og dráttarvöxtum, svo sem nánar greinir í dómsorði, og 185.000 krónur í málskostnað, en málskostnaðarkrafan var þannig fram sett bæði í hinni skriflegu kröfu og í munnlegum málflutningi.

F

1

Samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta. Sama gildir um muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn eða komið hafa í stað hans. Þá er á um það kveðið í 1. mgr. 69. gr. b. að gera megi upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem tilheyra einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot þegar 1) brotið er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og 2) það getur varðað að minnsta kosti sex ára fangelsi. Samkvæmt 3. mgr. 69. gr. má með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi einstaklingur, einn eða með sínum nánustu, hefur ráðandi stöðu í.

Andlag fjársvika ákærða samkvæmt framansögðu nam samkvæmt ákærüköflum I og II 74.336.000 krónum. Brot hans voru því til þess fallin að hafa í för með sér verulegan ávinning. Brot samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga varða allt að sex ára fangelsi. Þá liggur fyrir í málinu, svo sem rakið er í kafla B.1 hér að framan, staðfesting ákærða fyrir dómi á því að hann hafi verið framkvæmdastjóri Skajaquoda ehf. og stýrt því félagi einn. Jafnframt er upplýst að ákærði var á því tímabili sem ákæra tekur til eini stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi Skajaquoda ehf. samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

Af framlögðum gögnum má ráða að hina haldlögðu fjármuni megi rekja til Skajaquoda Capital LLC. Í röksemdum í ákæruskjali, sbr. kafla C.1 hér að framan, er rakið með hvaða hætti hinir haldlögðu fjármunir fóru af reikningi Skajaquoda ehf. 10. og 19. apríl 2013 til Skajaquoda Capital LLC í Bandaríkjunum og hvernig það atvikaðist að þeir voru millifærðir að nýju á bankareikning Skajaquoda ehf. 21. júní

2013. Lýsing ákærvalds styðst við framlögð gögn og hefur henni ekki verið mótmælt af ákærða.

Ákvæði 1. mgr. 72.-74. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. verða ekki skýrð með þeim hætti sem skiptastjóri þrotabús Skajaquoda ehf. hefur haldið fram í málinu. Þau ákvæði geta því ekki staðið því í vegi að fallist verði á upptökukröfu ákærvalds.

Samkvæmt öllu framangreindu þykja uppfyllt lagaskilyrði svo fallist verði á upptökukröfu ákærvalds. Verða því gerðar upptækar þær 67.536.227 krónur sem embætti sérstaks saksóknara lagði hald á 10. júlí 2013 á bankareikningi Skajaquoda ehf. hjá Íslandsbanka hf. nr. 537-14-403940, auk áfallinna vaxta á fjárhæðina frá nefndum degi, en samtala hinna haldlögðu fjármuna og áfallinna vaxta nam 4. apríl 2017 samtals 74.981.746 krónum.

2

Kröfuhafar, A og D, krefjast þess í málinu að hinir uppteknu fjármunir samkvæmt kafla F.1 hér að framan, samtals 74.981.746 krónur, verði nýttir til greiðslu á skaðabótakröfum þeirra. Er sú krafa gerð með vísan til 1. mgr. 69. gr. e. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Krafa kröfuhafa um ráðstöfun hinna uppteknu fjármuna sætir ekki andmælum af hálfu ákærvalds. Að því gættu og þar sem uppfyllt eru skilyrði 1. mgr. 69. gr. e. almennra hegningarlaga verður á hana fallist. Þar sem hin upptekna fjárhæð nægir til greiðslu höfuðstóls beggja skaðabótakrafanna þykja ekki efni til þess að gera upp á milli kröfuhafa varðandi greiðslu krafna þeirra en um hana fer nánar svo sem í dómsorði greinir.

G

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða ekki áður verið gerð refsing. Ákærði er í málinu sakfelldur fyrir umfangsmikil fjársvik, sbr. ákvæði 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og stórfelld brot gegn lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Brotavilji ákærða var einbeittur og brot hans skiplögð og úthugsuð. Þá stóðu brotin yfir í langan tíma. Samkvæmt þessu verður litið til ákvæða 1., 2., 6. og 7. töluliðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar ákærða, en ákærði á sér engar málsbætur.

Að framangreindu virtu þykir refsing ákærða réttilega ákveðin fangelsi í þrjú ár og níu mánuði. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald sem ákærði sætti, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940, frá 10. júlí 2013 til 14. júlí 2013 að fullri dagatölu.

H

Með vísan til úrslita málsins, sbr. 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður ákærði dæmdur til þess að greiða þóknun skipaðs verjanda síns, Gunnars Egils Egilssonar hdl., vegna starfa verjandans á

rannsóknarstigi og eftir höfðun málsins hér fyrir dómi. Við ákvörðun þóknunarinnar er tímaskýrsla verjanda höfð til hliðsjónar og sérstaklega tekið mið af miklu umfangi framlagðra gagna og þess langa tíma sem málið var til rannsóknar og til meðferðar hér fyrir dómi. Samkvæmt gögnum málsins leiddi annan sakar kostnað ekki af rannsókn og rekstri málsins.

Krafa skiptastjóra þrotabús Skajaquoda ehf. um málsvarnarlaun honum til handa á sér hvorki stoð í ákvæðum XXXIV. kafla laga nr. 88/2008 né öðrum lagaákvæðum. Verður því ekki á hana fallist.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

D Ó M S O R Þ:

Ákærði, Einar Ágústsson, sæti fangelsi í þrjú ár og níu mánuði. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 10. júlí 2013 til 14. júlí 2013 að fullri dagatölu.

Þrotabú Skajaquoda ehf. sæti upptöku á 67.536.227 krónum sem embætti sérstaks saksóknara lagði hald á 10. júlí 2013 á bankareikningi félagsins hjá Íslandsbanka hf. nr. [...], auk áfallinna vaxta á fjárhæðina frá nefndum degi, en heildarfjárhæð hinna uppteknu fjármuna nam 4. apríl 2017 samtals 74.981.746 krónum.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Gunnars Egils Egilssonar hdl., 8.432.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Kröfu þrotabús Skajaquoda ehf. um málsvarnarlaun skiptastjóra til handa er hafnað.

Ákærði greiði A 30.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 5.000.000 króna frá 14. maí 2010 til 31. október 2010, af 15.000.000 króna frá 1. nóvember 2010 til 20. september 2011, af 30.000.000 króna frá 20. september 2011 til 21. febrúar 2013, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 30.000.000 króna frá þeim degi til greiðsludags, og 500.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði D 40.756.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 15. júní 2015 til greiðsludags, og 185.000 krónur í málskostnað.

Þeim fjármunum sem þrotabúi Skajaquoda ehf. er gert að sæta upptöku á í málinu, 74.981.746 krónum, skal ráðstafað til greiðslu á dæmdum skaðabótakröfum kröfuhafanna A og D þannig að greiða skal höfuðstól beggja krafanna að fullu. Því sem eftir stendur, 4.225.746 krónum, skal skipta að jöfnu milli kröfuhafanna til greiðslu á vöxtum, dráttarvöxtum og málskostnaði.

Kristinn Halldórsson